

MOSFELLINGUR

4. tbl. 8. árg. föstudagur 20. mars 2009. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós

Yfir milljón safnaðist í söfnun Mosfellings fyrir Rebekku Önnu

TAKMARKINU NÁÐ

Mosfellingur efndi til söfnunar fyrir Rebekku Önnu Allwood sem lenti í hræðilegu slysi á Vesturlandsvegi fyrir sex árum. Nú er formlegri söfnun lokið og gekk hún framár vonum, á dögnum var Rebekku færð ávísun með upphæðinni sem safnaðis. Meirihluta fjárhæðarinnar hefur verið varið í fullbúið æfingarhól handa Rebekku sem komið er á heimili þeirra að Áslandi. Mæðgurnar voru að vonum ánægðar með stuðninginn og án efa á afgangurinn af peningunum eftir að koma að góðum notum. Sérstakt styrktarkvöld var haldið á Ásláki þar sem punkturinn yfir i-ið var settur á söfnunina, fjöldi listamanna kom þar fram og húsfullir var á staðnum. Mosfellingur vill koma á framfæri innilegu þakklæti til allra þeirra sem veittu söfnuninni lið með einum eða öðrum hætti.

BLS. 6/8/16

Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Laxatunga - Ný raðhús á ótrúlegu verði!


EIGNAMÍÐLUN
Mosfellsbæ



Vorum að fá í sölu sex ný 172,5 fm raðhús sem verða afhent fullbúin með innréttingum og gólfefnum í apríl nk á verði sem ekki hefur sést í langan tíma. 3 svefnherbergi, 2 baðherbergi - hvítar innréttingar og eikarparket og flísar á gólfi. Áhv. eru 20 millj. kr. ÍLS lán. **Skipti á minni eign skoðuð!**
V. frá 37,5 m. **Ein sýningaríbúð tilbúin!**



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg. fasteignasali • www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



100% Speltbrauð

MOSFELLISBAKARI

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
Jóns B. ehf

Flugumýri 2, Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is

Ný
CABAS
tjónaskoðun

Vottað
verkstæði

Þjónustuverkstæði
útvægum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatanga 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
ruth@mosfellingur.is
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Prófkör: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Tekið er við aðsendum greinum á netfangið
mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær
ekki vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 8. apríl

Áfram á eigin verðleikum

Kynjakvóti kemur nú konum í koll í prófkjörum víðsvegar um landið. Hvenær kemur að því að fólk komist einfaldlega áfram á eigin verðleikum?



Það kom einnig í ljós í prófkjörunum að það er ekki nóg að fara í lopapeysuna utanyfir jakkafötin og sækjast eftir endurnýjuðu umboði og gömlum gildum.

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

Fyrirum bæjarstjóri Mosfellsbæjar fékk hinsvegar góða kosningu og verður að teljast sigurvegari okkar Mosfellinga á þessum vettvangi. Ragnheiður Ríkharðsdóttir lenti í 3. sæti eftir að hafa vermt það 6. eftir síðasta prófkjör.

Formlegri söfnun fyrir Rebekku er nú lokið og markmiðinu náð. Þetta er eitt það skemmtilegasta og mest gefandi verkefni sem ég hef tekið þátt í og ánægjulegt að geta framkvæmt slíkt í krafti blaðsins. Rebekku var færð ávísun á dögunum uppá rúmlega tólfhundrað þúsund. Mosfellingur þakkar þeim sem lögðu sitt að mörkum.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

Að þessu sinni kemur Mosfellingur út á jafndægni á vori. Það er því vel við hæfi að birta þessa sumarlegu mynd eftir langan og óvenjulegan vetur í sögu íslensku þjóðarinnar.

Ljósmyndin er tekin seint á 6. áratugnum og börnin eru á leið í sundlaugin á Álafossi. Fremst fer Hildur Jörundsdóttir á Litlandi, síðan kemur Arnþrúður Guðmundsdóttir á Brúarlandi, þá Helga Jörundsdóttir á Litlandi og loks Guðmundur Karlsson í Grafarholti. Lestina rekur Valgeir Guðmundsson á Brúarlandi.

Mosfellingar iðkuðu sund í Álafoss-lauginni um 30 ára skeið en um það bil fimm árum eftir að myndin var tekin var Varmárlaug vígð við hátíðlega athöfn, á þjóðhátíðardaginn árið 1964. Þar sló Valgeir trommutaktinn með nýstofnaðri skólalúðrasveit svo undir tók í fjöllum sveitarinnar.

Bjarki Bjarnason



HÉÐAN OG ÞAÐAN

Getur þú fundið **Benjamín** falinn í blaðinu?



EIGNAMIÐLUN

Mosfellsbæ

Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidlun.is



Hörðukór - 3ja herb.

Einstaklega vönduð 3ja herbergja 97,7 fm íbúð á 9. hæð við Hörðukór 1 í Kópavogi. Staði í bilakjallara fylgir. Frágangur í íbúðinni er sérstaklega góður. Svalmar eru yfirbyggðar. **Seljandi skoðar skipti á allt að 40 m. eign með bílskúr í Mosfellsbæ eða Grafarvogi!**
V. 28,9 m.



Þratarhöfði - Einbýlishús

Mjög glæsilegt 249,6 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 44,6 fm bílskúr við Þratarhöfða í Mosfellsbæ. Glæsilegt hús í einu vinsælasta hverfinu í Mosfellsbæ.
V. 61,9 m.



Stórikriki - Einbýlishús

226,7 fm einbýlishús á einni hæð með góðum bílskúr á mjög fallegum útsýnisstað við Stórkrika 25 í Mosfellsbæ. Ath. húsið er íbúðarhæft, en ófrágengið að hluta - **Þetta er gott tækifæri fyrir laghenta.**
V. 43,5 m.



Litlikriki - Einbýlishús

Mjög flott 219 fm einbýlishús á einni hæð, þar af 42 fm bílskúr við Litlakrika 28 í Mosfellsbæ. 4 rúmgóð svefnh., baðherbergi, gestasalerni. Fallegar innréttingar og vönduð eldhústæki. Hér er fullbúið einbýlishús á mjög góðu verði. **Skipti á minni eign skoðuð!**
V. 51,9 m.



Reykjavegur - Parhús

Fallegt 161,8 fm parhús með innbyggðum bílskúr við Reykjaveg 55B í Mosfellsbæ. Húsið stendur í útjaðri byggðar í skógi vöxnu umhverfi. Garður er gróinn með timburvernd og heitum potti.
V. 39,5 m.



Ásland-Parhús m/aukaíbúð

Mjög fallegt 203,8 m2 parhús á 2. hæðum með aukaíbúð á jarðhæð og góðum bílskúr við Ásland í Mosfellsbæ. Húsið stendur hátt yfir aðra byggð í kring og er útsýni mjög mikið frá húsinu.
V. 43,9 m.



Arnartangi - Raðhús

Mjög vel skipulagt 4ra herbergja, 94 fm raðhús á einni hæð við Arnartanga í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, eldhús, baðherbergi, stóra stofu og þrjú svefnherbergi. Stór og gróinn sérgarður í suðurrátt með timburvernd. **Hagstætt lán áhvilandi ca. 19,5 m!**
V. 23,9 m.



Hjallahlíð-4ra herb.+ bílskúr

Falleg 4ra herb. íbúð á jarðhæð í litlu fjórbylí m/sérinngangi og timburvernd við Hjallahlíð í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, geymslu/þvottahús, baðherbergi, stofu og eldhús. Bílskúrin er 27,7 fm með rafmagni og hita. Við hlið inngangs í íbúðina er einangruð útigeymsla.
V. 30,8 m.



Þratarhöfði - 3ja herbergja

Falleg 104,3 fm, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjórbylí ásamt staði í bilageymslu við Þratarhöfða 4-6 í Mosfellsbæ. Mjög glæsilegt útsýni er úr íbúðinni, bæði til suðurs, norðurs og vesturs
V. 26,9 m.



Tröllateigur - 3ja herbergja

Falleg 121,9 fm, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð ásamt bílastæði í bilakjallara í glæsilegu fjórbylí við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vönduð og falleg innrétting íbúð með fallegu útsýni til suðvesturs. Eikar parket og ljóðar flísar eru á gólfum, innihurðar og innréttingar eru spónlagðar með eik.
V. 26,9 m.



Klapparhlíð - 2ja herbergja

Falleg 66,9 fm, 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í 3ja hæða fjórbylí við Klapparhlíð 30 í Mosfellsbæ. **Íbúðin er laus til afhendingar!**

V. 17,9 m.



Urðarholt - 2ja herbergja

Falleg 2ja herbergja íbúð í risi á 4. hæð með glæsilegu útsýni við Urðarholt í Mosfellsbæ. Þetta er góð íbúð á hagstæðu verði í miðbæ Mosfellsbæjar.
V. 15,9 m.



TIL SÖLU - Hlín Blómahús

Um er að ræða eina vinsælustu blómabúð landsins. Búðin hefur verið rekin af sömu aðilum í Mosfellsbæ sl. 16 ár við góðan orðstýr. Þetta er flott tækifæri fyrir t.d. tvo samhenta aðila sem vilja fara í skemmtilegan rekstur með góða sögu.

Allar nánari upplýsingar gefur Einar Páll, fasteignasali hjá Eignamiðlun í Mosfellsbæ í síma 586 8080.

Ragnheiður sigur- vegari í prófkjöri

Ragnheiður Ríkhardsdóttir alþingismaður náði markmiði sínu í prófkjöri Sjálfstæðis-flokksins í SV-kjördæmi.



Ragnheiður lenti í þriðja sæti á eftir Bjarna Benediktssyni og Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur. „Fólk kallar ekki bara á breyting- ar heldur einnig breytt viðhorf og hreinskiptin skoðanaskipti,“ segir Ragnheiður. Hún skipaði áður 6. sæti listans fyrir síðustu kosningar og færast því upp um þrjú sæti. Ragnheiður var bæjar- stjóri Mosfellsbæjar á árunum 2002-2007 en hefur setið á Alþingi frá því í maí 2007. Hér fyrir neðan er farið yfir stöðu Mosfellinga eftir prófkjör flokkanna.

MOSFELLINGUR á vaktinni

Mosfellingur fór yfir kosn- ingaúrlit Mosfellinga sem buðu sig fram í Suðvestur- kjördæmi. Einungis einn aðili náði settu marki og var það Ragnheiður Ríkhardsdóttir alþingismaður sem hafnaði í þriðja sæti.

ATHYGLIÐ ER Á: Ragnheiður Ríkhardsdóttir

1. sæti	2. sæti	3. sæti	4. sæti	5. sæti	6. sæti	7. sæti	8. sæti	9. sæti	10. sæti	11. sæti	12. sæti

Stefndi á	Niðurstaða
Bryndís Bjarnarson 2. sæti	4. sæti
Bryndís Haralds 4.-5. sæti	8. sæti
Gunnlaugur B. Ólafsson 3.-5. sæti	14. sæti
Kolfinna Baldvinsdóttir 3. sæti	13. sæti
Íris Björg Kristjánsdóttir 3.-5. sæti	9. sæti
Ragnheiður Ríkhardsdóttir 3. sæti	3. sæti
Svanur Sigurbjörnsson 8.-10. sæti	12. sæti



Afmælisdagskrá Lágafellskirkju

Gospeltónleikar í Lágafellsskóla

Sunnudaginn 1. mars var haldin velheppnuð guðsþjónusta undir yfirskriftinni Gospelgleði í Lága- fellsskóla. Guðsþjónustan var hluti af afmælisviku í Lágafellskirkju, en kirkjan varð 120 ára gömul 24. febrúar. Guðsþjónustan var vel sótt og stóð fjölbreyttur hópur tónlistarmanna sig með miklum sóma.

Félagar úr æskulýðsfélagi Lágafellssóknar lásu bænir og ritningartexta ásamt sr. Ragnheiði Jónsdóttur og Hreiðari Erni Zoëga. Edgar Smári Atlason söng ásamt Hrönn Svansdóttur og Fanney K. Tryggvadóttur en þau eru öll í gospelkór Reykjavíkur. Ungar og upprennandi söngkonur úr Mosfellsbæ, þær Hreindís Ylva Garðarsdóttir og Stefanía Svavarsdóttir tóku einnig lagið. Tónlistarflutningurinn var undir umsjón Óskars Einarssonar en allt tónlistarfólk gaf vinnu sína í tilefni afmælisins.



Kirkjukórinn fékk diggan stuðning frábærra tónlistarmanna.



Gaui litli hjálpar fólki að létta sig og lifa betra lífi með réttu hugarfari

Opnar Heilsugarð í Álafosskvos

Gauja litla þarf vart að kynna, svo þjóðþekktur varð hann með þátttöku sinni í sjónvarpsþáttunum „Heilsu- horni Gauja litla“ í Dagsljósi vetur- inn 1996, þar sem fylgst var með þegar af honum runnu aukakílóin í stríðum straumum. Nú hefur Gaui litli opnað Heilsugarðinn sinn í Álafosskvosinni og þar munu fjöldi einstaklinga með átröskun leita eftir heildrænni meðferð og stuðningi.

Leiðir til betra lífs

„Sjú leiðir til léttara lífs“ eru nám- skeið sem byggja á áratugareynslu Gauja litla og hafa skilað skjólstæð- ingum hans góðum árangri. Lögð er áhersla á heildræna vinnu sem lítur

að átröskun og þar er meðal annars lögð áhersla á vinnu með líkama og sál. Boðið er upp á aðhaldshópa í Heilsugarðinum auk sérstaks sam- félags á vefnum, þar sem fólk bæði fær fræðslu og miðlar af reynslu sinni.

„Þetta er tækifærið fyrir frjálslega vaxið fólk eins og mig,“ segir Gaui litli. „Bestum árangri er náð þegar unnið er með hausinn samhliða matarræði, hreyfingu og hugarfari“.

Það er um að gera fyrir fólk að fara inn á www.gauilitli.is og skrá sig í hópa sem fyrst. Íbúar með löghei- mili í Mosfellsbæ fá 20% afslátt af fyrsta námskeiði í Heilsugarðinum fram til loka mars.



KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Helgihald næstu vikur:

Sunnudagurinn 22. mars
Guspjónusta í Lágafellskirkju kl. 11.

Sunnudaginn 29. mars

Fermingarguðsþjónust- ur í Lágafellskirkju kl. 10:30 og 13:30

Sunnudaginn 5. apríl

Pálmásunnudag

Fermingarguðsþjónustur í Lága- fellskirkju kl. 10:30 og 13:30



Hægt er að nálgast lista yfir fermingarbörn á bls. 16, auk þess sem listinn er birtur á heimasíðu kirkjunnar.

Viljið vera í þeim góða hópi sem fær reglulega fréttir úr safnaðarstarfinu þarftu aðeins að skrá þig á netpóstslistann á heima- síðunni

Heimasíða Lágafellskirkju er: www.lagafellskirkja.is



SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG
Vertu með í sókninni!



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Ókeypis fjármálanámskeið!

Mosfellsbær býður upp á ókeypis námskeið í samstarfi við Neytendasamtökin um fjármál og heimilisbókhald fyrir almenning.

Á námskeiðinu verður farið í helstu þætti sem skipta máli í rekstri heimilanna, hvernig hægt er að skipuleggja, hagræða og fá góða yfirsýn yfir fjármálin til þess að ná góðum árangri.

Kynnt verður mikilvægi þess að halda heimilisbókhald og einföld leið til þess að færa reglulega bókhald og vinna með sín fjármál. Jafnframt verður farið almennt yfir fjármál fjölskyldunnar og gefin heilræði um þau.

Fyrsta námskeið verður haldið þriðjudaginn 31. mars kl. 17.30–19.30 í Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3.

Námskeiðin eru ókeypis en nauðsynlegt er að skrá sig – hámarksfjöldi þátttakenda er 30 manns.

Nánari upplýsingar og skráning í þjónustuveri Mosfellsbæjar í s. 525 6700 eða í gegnum netfangið mos@mos.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729



Frítt í sund fyrir atvinnulausa í Mosfellsbæ

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að veita fólki í atvinnuleit með lögheimili í Mosfellsbæ frían aðgang að sundstöðum bæjarins.

Sækja skal um sundkortin í gegnum íbúagátt. Umsókninni verður að fylgja mynd og afrit af staðfestingu Vinnumálastofnunar á því að viðkomandi sé í atvinnuleit. Sundkortin gilda í þrjá mánuði í senn.

Nánari upplýsingar veitir þjónustuver Mosfellsbæjar í s. 525 6700 eða í gegnum netfangið mos@mos.is


FRÓÐLEIKSNÁMA Í FERMINGARGJÖF

Sjaldan eða aldrei hefur komið út jafn glæsileg byggðarsaga og *Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár*. Bókin er öll litprentuð og afar vönduð að allri gerð. Hana prýða yfir 700 myndir sem fæstar hafa birst áður.

Mosfellsbær, saga byggðar í 1100 ár er einstaklega glæsileg gjöf og skyldueign allra sem vilja kynna sér sögu Mosfellsbæjar.

MOSFELLSBÆR SAGA BYGGÐAR Í 1100 ÁR

eftir Bjarka Bjarnason og Magnús Guðmundsson fæst nú á sérstöku fermingartilboðsverði í þjónustuveri og á bókasafni Mosfellsbæjar.



AÐEINS
5.000 KR



MOSFELLSBÆR

ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR • KJARNA • ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI 525 6700



Atvinnulausir fá frítt í sund

Bæjarráð Mosfellsbæjar hefur samþykkt að veita fólki í atvinnuleit, með lögheimili í Mosfellsbæ, frían aðgang að sundstöðum bæjarins. Ákvörðun þessi er í samræmi við hugmyndir sem ASÍ sendi sveitarfélögum nýverið þar sem fram kemur m.a. að rannsóknir sýni að virkni sé lykilatriði þegar kemur að því að tryggja eins og kostur er að fólk sem er án atvinnu haldi líkamlegri og andlegri heilsu og takist með uppbyggjandi hætti á við aðstæður sínar. Sundkortin eru afhent í Þjónustuveri Mosfellsbæjar gegn framvísun staðfestingar Vinnumálastofnunar á því að viðkomandi sé í atvinnuleit.



Afmælistónleikar skólahljómsveitar

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar fagnar 45 ára afmæli sínu með stórtónleikum laugardaginn 4. apríl kl. 14 í íþróttahúsinu að Varmá. Efnisskrá tónleikanna er fjölbreytt og fleiri hundruð þátttakendur munu koma fram. Flestir kórar Mosfellsbæjar verða á staðnum og syngja saman nokkur lög með hljómsveitinni. Nokkrir einsöngvarar munu einnig láta til sín taka en það eru þau Sigrún Hjálmtýsdóttir, Jón M. Jónsson og María Ólafsdóttir. Vortónleikar skólahljómsveitarinnar að þessu sinni verða því með stærra móti en oft áður.

ELDRI BORGARAR



Alls söfnuðust 1.226.649 kr. í söfnun fyrir Rebekku Önnu Allwood

Söfnunin gekk vonum framar

Það voru ánægðar mæðgur sem tóku við ávísun með afrakstri söfnunar til styrktar Rebekku á heimili þeirra að Áslandi. Nú þegar hafa þær fjárfest í sérstöku æfingarhjóli sem ætlað er að létta fyrir áframhaldandi endurhæfingu Rebekku en það kostaði um 800 þúsund. Hún hefur þegar tekið hjólið í notkun og að sögn móður hennar er hún strax farin að sjá framfarir á hreyfigetu Rebekku.



„Við mæðgurnar erum afar þakklátar fyrir þennan óvænta stuðning og æfingarhjólið á án efa eftir að koma sér vel. Afgangurinn af peningunum á kannski eftir að gera okkur kleift að fara aftur í endurhæfingarferð til Balí en þangað höfum við farið tvisvar áður með góðum árangri,” segir Ólöf móðir Rebekku.

Eins og lesendum er eflaust kunnugt lenti Rebekka í hræðilegu slysi á Vesturlandsvegi fyrir rúmum sex árum síðan þegar hún var á leið á íþróttæfingu að Varmá. Líklega



Afrakstur söfnunarinnar afhentur en alls safnaðist 1.226.649 kr. F.v. Ruth Örnólfsdóttir blaðamaður Mosfellings, Albert S. Rútsson veitingamaður á Ásláki, Hilmar Gunnarsson ritstjóri Mosfellings, Rebekka Anna Allwood og Ólöf Þráinsdóttir móðir Rebekku.

verður það æfistarf hennar að vinna úr afleiðingum þessa slyss og þungbær hlutskipti sem hún þarf að lifa með.

Rebekka og Ólöf móðir hennar voru í viðtali í Mosfellingi fyrir síð-

ustu jól og í framhaldi var hrundið af stað söfnun henni til styrktar. Söfnun Mosfellings endaði með glæsilegu styrktarkvöldi í nýuppgerðum Ásláki en allur ágóði þess kvölds fór rakleiðis á söfnunarreikninginn.

Mosfellsbær býður upp á ókeypis námskeið um fjármál fyrir almenning

Færsla heimilisbókhalds skilar árangri

Mosfellsbær í samstarfi við Neytendasamtökin býður upp á ókeypis námskeið um fjármál og heimilisbókhald.

Betri yfirsýn samfara meðvitaðri og ábyrgari ákvörðunum fæst með færslu heimilisbókhalds. Nauðsynlegt er að setja sér fjárhagsleg markmið ásamt færslu heimilisbókhaldsins, kostirnir við slíkt vinnulag eru ótvíræðir.

„Nú þegar fyrirsjáanlegt er að víða krepptur er er upplagt tækifæri fyrir fólk að setjast niður og skoða málin og í því sambandi vil ég taka



fram að nauðsynlegt er að öll fjölskyldan geri það saman ef um fjölskyldu er að ræða, það er líklegri til árangurs,” segir Raggý Björg Guðjónsdóttir framhaldsskólakennari og varaformaður Neytendasamtakanna.

Hvernig er best að koma sér upp heimilisbókhaldi og hvar byrja menn, sem vilja gerast ábyrgir og vel upplýstir um eigin fjármál?

Til að byrja með þarf fólk að gera upp við sig hvernig á að halda utan um fjármálin, ýmsar leiðir eru svo

sem færar í þeim efnum enda eru til margvísleg bókhaldsform og bækur. Neytendasamtökin hafa til að mynda gefið út um árabíl bókhaldsforrit sem er mjög hentugt og auðvelt í notkun og hefur nú verið gefið út í endurbættri útgáfu þar sem meðal annars er tekið mið af athugasemdum og ábendingum frá notendum.

Raggý segir að hægt sé að hefja færslu heimilisbókhalds hvenær sem er í mánuðinum það sé ekki endilega bundið við mánaðamót. Námskeiðin verða auglýst á heimasíðu Neytendasamtakanna www.ns.is og hjá Mosfellsbæ.

Kárahnjúkaferðin - smá ferðalýsing

Föstudaginn 19. júní verður lagt af stað kl. 9 f.h. frá Hlaðhömrum Ekið norður í Húnaþing og snæddur hádegisverður á Laugarbakka í Miðfirði. Áfram haldið í austurátt og verður gisting fyrstu nóttina á Stórutjörnum í Ljósavatnsskarði. Þann 20. júní verður haldið að Kárahnjúkum með viðkomu í Sænautaseli, kaffi og lummur og síðasta heiðarbylíð skoðað. Við Hálslón verður léttur hádegisverður, virkjunin skoðuð og komið í Végarð uppl. miðstöð.

Næsti náttstaður verður á Eiðum. Þriðju nóttina verður gíst á Nesjum. Á heimleið þann 22. júní verður snæddur hádegisverður á Kirkjubæjarklaustri, síðan er áætlað að koma heim um kl. 20-22. Skráning stendur yfir á skrifstofu félagsstarfsins á milli kl. 13 - 16 og í síma 586-8014. Staðfesta þarf skráningu með kr. 10.000. Heildarverð er kr. 39.700. Innif. er, þrjár gistinætur m. morgunverði, þrír hádegisverðir, þrír kvöldverðir og akstur.

522-2222

MEGASDAGAR
alla mánudaga

16" PIZZA *með 3 áleggstegundum* **1.290kr**

 **BOLTINN Í BEFINNI**
KALDUR Á KEFANA 

&

ELDHEITAR
LUMMUR

Besti vinur
bragðlaukanna
ekta ostur, eldbakstur & ástríða


ELDHÚSIÐ
Pizzabakari



Ásgarður hlýtur Samfélagsverðlaun

Ásgarður, handverkstæði í Álafosskvos, hlaut Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á dögunum. Ásgarður er verndaður vinnustaður fyrir fólk með þroskahömlun. Verðlaunin voru afhenti við hátíðlega athöfn í Þjóðmenningarhúsinu þann 5. mars. Í umsögn um Ásgarð segir að fagleg markmið vinnustaðarins eigi rætur í uppeldiskenn-ingum Rudolfs Steiner en í kenningum hans felist meðal annars að ekki er lítið á fötlun sem vandamál heldur mögu-leika. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti fulltrúum Ásgarðs verðlaunin. Ari Edwald, forstjóri 365, afhenti þeim síðan verðlaunaféð að upp-hæð ein milljón króna.



Þarf heilt þorp til að ala upp barn?

Miðvikudaginn 25. mars heldur Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar sjöunda opna hús vetrarins og að þessu sinni verður sjónum beint að samfélagslegri ábyrgð allra í uppeldi barna. Afrískt máltæki segir að það þurfi þorp til að ala upp barn en hvað er átt við með því? Þeirri spurningu og fleirum er lúta að hlutverki okkar allra í uppeldi allra barni, ekki bara okkar eigin, verður velt upp. Að venju verður opna húsið í Listasalnum frá klukkan 20 til 21.

Upplýsingasíða um miðbæjarskipulag

Opnuð hefur verið upplýsinga-síða um miðbæjarskipulag á mos.is. Hana má finna undir flípanum skipulag og svo undir heitinu Miðbæjarskipulag. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um þær hugmyndir sem fram eru komnar um tillögur að nýju deiliskipulagi og kynntar voru á íbúafundi þann 11. febrúar sl. Gögnum verður bætt þar inn eftir því sem við á.



Karلاكór Kjalnesinga sýndi samstöðu og tók nokkur lög undir stjórn Páls Helgasonar.



Diddú og Rebekka voru sáttar við kvöldið.

Áslákur og Mosfellingur héldu styrktarkvöld fyrir Rebekku Önnu Allwood

Tónlistarveisla á Ásláki

Áslákur og Mosfellingur efndu til tónlistarveislu á Ásláki þann 27. febrúar. Fjöldi listamanna lagði sitt að mörkum við að gera kvöldið hið glæsilegasta og allur ágóði fór í styrktarsjóð Rebekku Önnu. Mikill fjöldi fólks lagði leið sína á sveitapöðbinn sem opnaði með pompi og prakt á nýjan leik eftir nokkurn dvala. Um 350.000 kr. söfnuðust í sjóðinn og um leið var slegið upp afmælisveislu fyrir Rebekku sem átti títugs afmæli nokkrum dögum síðar. Fjöldi fólks gaf vinnu sína þetta kvöld og frábært að sjá samstöðu Mosfellinga við þetta tilefni. Á myndunum hér til hliðar má sjá hluta þessa listamanna auk annarra sem lögðu sitt að mörkum.



Þrír góðir. Steini mæló, Kalli Tomm og Bjarki Sig.



Flott á barnum. Alli Rúts, Ragnheiður Ríkharðs og Hjalti Úrsus.



Fjöldi fólks lagði við hlustir enda frábærir tónlistarmenn á ferð.



Elísabet Allwood, Maren Heiða og Una.



Trío Reynis Sig hóf kvöldið með léttum jazz.



Bræðurnir Júlíus og Teitur lögðust á eitt.



Gústi og Hilmar í Dúettinum Hljómi.



Óli Már, Jói Jako og Keli Guðbrands.




Eurovision-söngkonan Hreindís Ylva.



Hrefna Vestmann og Eygló.



Stefanía og Ztrandverðirnir léku af fingrum fram.



Hin unga og efnilega María Ólafsdóttir.



Breyttu út af vananum á fótboltaæfingu

Dröngirnir í 7. flokki og stúlkurnar í 5. flokki knattspyrnudeildar Aftureldingar gerðu sér glaðan dag nýlega ásamt þjálfara sínum Árna Brynjólfssyni og breyttu út af vana venjulegs æfingartíma og skelltu sér í Tarzan leik í íþróttamiðstöðinni að Lágafelli. Eftir leikinn fóru svo allir í sund og gæddu sér á gómsætum pizzum sem runnu vel ofan í maga eftir frábæran dag.

BINGÓ

knattspyrnudeildar Aftureldingar

í sal Lágafellsskóla

laugardaginn 21. mars kl. 14-16



FJÖLDI VEGLEGRA VINNINGA

SPILAÐAR MARGAR STUTTAR UMFERDIR

SKEMMTUN FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

PÁSKABINGÓ



Kjarna • Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • S. 586 8080
Einar Páll Kjærnested, lögg.fasteignasali
www.fastmos.is, www.eignamidun.is



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Innritun í tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar næsta skólaár lýkur 15. apríl

Nýjum nemendum er bent á að skrá sig
í gegnum líbuagáttina á www.mos.is.

**Umsóknir um greiðslu kennslukostnaðar í
tónlistarskólum utan lögheimilis nemenda**
þurfa að berast Listaskóla Mosfellsbæjar fyrir 15. apríl
ár hvert. Vakin er athygli á því, að nauðsynlegt er að
staðfest samþykki Mosfellsbæjar liggja fyrir, áður en
nemandi hefur nám í viðkomandi tónlistarskóla.
Ekki verður greitt með nemendum í grunnnámi!

Reglur um styrkveitingar, svo og umsóknareyðublað
má finna á heimasíðu Listaskóla Mosfellsbæjar,
www.listmos.is, svo og á skrifstofu skólans, Háholti 14.

Nánari upplýsingar
veitir Atli Guðlaugsson
skólastjóri í síma 566 6819.



Skrifstofustjóri/fjármálastjóri og námsráðgjafi

Laus er til umsóknar staða skrifstofustjóra/fjármálastjóra
við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ. Umsækjendur skulu
hafa háskólapróf í viðskiptafræðum eða sambærilega
menntun. Einnig er æskilegt að umsækjendur hafi
reynslu af fjármálastjórn.

- Laun greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningi
viðkomandi stéttarfélags.

Einnig er laus til umsóknar 50% staða námsráðgjafa
við skólann. Umsækjendur skulu hafa lokið minnst
fjögurra ára háskólanámi og þar af eins árs námi
í náms- og starfsráðgjöf.
• Laun greiðast samkvæmt gildandi kjarasamningi
Kennarasambands Íslands og stofnanasamningi skólans.

**Leitað er að starfsmönnum sem eru leiknir í mannleg-
um samskiptum og sjálfstæðir í vinnubrögðum.**

Ráðið verður í stöðurnar frá 15. maí 2009.

Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ kennir sig við auðlindir og
umhverfi í viðum skilningi. Skólinn er framhaldsskóli með
áfangasniði þar sem í boði verða stúdentsbrautir, styttri
starfsnámsbrautir og almennar brautir. Helstu áherslupunktur
í kennsluháttum skólans verða fjölbreyttar, verkefnaðar
kennsluáðferðir og margs konar námsmat með sérstakri áherslu
á leiðsagnarmat. Skólinn tekur til starfa í ágúst 2009.

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og
fyrri störf skulu hafa borist Guðbjörgu Aðalbergsdóttur
skólameistara í netfangið gudbjorg@fmos.is eða í pósti:
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ, Þverholti 2, 270 Mosfellsbær
í síðasta lagi 24. mars 2009. Umsóknir þurfa ekki að vera á
sérstökum eyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað
þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Nánari upplýsingar veitir skólameistari í síma 864-9729.

Skólameistari



Inga Elín myndlistarmaður og hönnuður hefði líklega orðið garðyrkjufraeðingur ef hún hefði ekki farið í listnám.

Mikill fagurkeri

Inga Elín hefur átt farsælan feril sem listamaður á Íslandi og oft verið verðlaunuð fyrir verk sín í gegnum tíðina. Hún á að baki fimm ára nám frá Myndlista- og handiðaskóla Íslands auk fimm ára framhaldsnáms í Danmörku. Hún er mikill fagurkeri og töfrar daglega fram fallega hönnun á vinnustofu sinni. Á heimili hennar má finna mikið samansafn ólíkra hluta enda Inga Elín veik fyrir fallegri hönnun, hvort sem hún er ný og framúrstefnuleg eða gömul og góð.



Með börnum sínum þeim Eygerði, Fjólu Dögg og Kristni Valgeiri árið 2002.

Eftir Ruth Örnólfsdóttur
MOSFELLINGURINN
ruth@mosfellingur.is

„Listin hefur veitt mér heilmikla lífsfyllingu enda lifi ég og hrærist í listinni sem ég held að sé nauðsynlegt ætli maður sér að ná langt,“ segir Inga Elín er ég tek hana tali. „Ég var ákveðin í að verða listamaður frá því ég var barn og hef alla tíð teiknað mikið. Þrettán ára byrjaði ég á námskeiðum í Myndlistarskóla Reykjavíkur og á góðar minningar þaðan.

Móðir mín hafði alltaf mikla trú á því sem ég var að gera og ég verð henni ævinlega þakklát fyrir allan þann stuðning sem hún hefur sýnt mér í gegnum lífið en hún lést árið 2005. Við mæðgurnar höfðum miklar mætur á blómum og garðyrkju og ég hefði líklega orðið garðyrkjufræðingur ef ég hefði ekki farið í listnám.“

Fimmtán ára í inntökupróf

„Ég var fimmtán ára gömul þegar ég tók inntökuprófið í Myndlista- og handiðaskóla Íslands. Ég óttaðist auðvitað óöryggið sem fylgir listgreinum og sumir fengu áfall þegar ég sagði að ég ætlaði að leggja þetta fyrir mig,“ segir Inga Elín og hlær.

„Ég útskrifaðist þegar ég var tvítug sem myndmenntakennari og kenndi eftir það tvö ár í Varmárskóla og einn vetur við Gagnfræðaskólann. En listin togaði alltaf í mig svo ég ákvað að setjast aftur á skólabekk og tók eitt ár í keramikdeildinni.“

Verðlaun frá Danadrottningu

„Þegar ég var tuttugu og fimm

ára hélt ég í áframhaldandi nám til Danmerkur. Ég fór í skóla sem heitir núna Danmark Design og útskrifaðist þaðan bæði úr gler- og keramikdeild eftir fimm ára nám. Námið var stórkostlegt og mér leið vel þarna úti. Ég var svo heppin að fá verðlaun frá Margræti Danadrottningu og var það fyrir hluta af útskriftarverkefni mínu.“

Lífir af listinni


„Þegar ég kom heim frá Danmörku árið 1988 ákvað ég að annað hvort væri að duga eða drepast. Ég tók lán til að kaupa mér fyrsta ofninn, áhöld og fleira. Það var rosalega erfitt fyrstu árin, ég var dugleg að halda sýningar til að koma mér á kortið eins og sagt er en mér gengur mjög vel í dag og get lifað af list minni. Hins vegar þarf maður alltaf að vera vakandi og maður getur aldrei sofnað á verðinum.

Það er nauðsynlegt að vera duglegur að koma sér á framfæri og vera með verkin sín á góðum stöðum. Vönduð vinnubrögð skipta gríðarlega miklu máli, það er það sem skilar sér og sú staðreynd að það er mikill hugur á bak við verk mín.“

Ættuð frá Hrírbrú

Inga Elín er fædd 22. september 1957. Foreldrar hennar eru Eygerður

Ingimundardóttir og Kristinn Valgeir Magnússon. Hún er elst fimm systra þeirra Jónu Margrétar, Bóelar, Ólafar sem er látin og Steinunnar, einnig á hún tvo hálfbræður samfeðra þá Ásbjörn og Heimi. „Amma mín og afi í móðurætt bjuggu allan sinn búskap á Hrírbrú í Mosfellsdal og þaðan á ég mínar bestu æskuminningar,“ segir Inga Elín er ég spyr hana út í uppvaxtarárin. „Þau hétu Ingimundur og Elínborg og ég er skírd í höfuðið á þeim báðum. Ég var mikið í hestamennsku sem barn, amma gaf mér folald undan óskaplega fallegri hryssu sem hún átti og mér þótti mjög vænt um það. Ég nefndi folaldið Nasa og þjálfaði hann í að heilsa með hægri löppinni og margir höfðu gaman af því, en þegar hann var átta vetra var keyrt á hann og það þurfti að aflífa hann stuttu síðar og það tók mikið á mig.“



Mikið hlustað á tónlist

„Ég á þrjú börn þau Eygerði fædda 1978, Fjólu Dögg fædda 1980 og Kristinn Valgeir fæddan 1990. Ég á einnig tvö fósturbörn þau Helgu Guðrúnu fædda 1983 og Alexander fæddan 1986.

Ég og maðurinn minn Þórarinn Sigurborgsson eignum sameiginlega þrjú barnabörn þau Ingu Lilju, Sunnu Karen og Andreu Auroru.

Þórarinn er klassískur gítarleikari og starfar við tónlistarkennslu í þremur tónlistarskólum auk þess sem hann hefur verið fararstjóri út um allan

heim. Ég hef alltaf hlustað mikið á tónlist og sótt marga tónleikana svo það kemur sér vel að hafa svona sérfræðing á heimilinu,“ segir Inga Elín brosandí.

Virk í félagsmálum

Inga Elín var kosin bæjarlistamaður Mosfellsbæjar árið 1997 og var fyrsti einstaklingurinn sem hlotnaðist sá heiður. „Já, félagsmálin hafa alltaf kallað á mig og ég hef verið virk innan Sambands Íslenskra myndlistarmanna og setið í stjórnum þess,“ segir Inga Elín er ég spyr hana út í félagsmálin.

„Núna gegni ég formennsku hjá Leirlistafélagi Íslands og ætlum við að halda heilmikla sýningu í Listasalnum í Kjarna þann 21. mars n.k. og síðan verður hún hluti af hönnunarhátíð sem haldin verður 26.-29. mars á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Sjálf ætla ég svo að halda einkasýningu í Listasalnum 30. maí svo það er heilmikið um að vera þessa dagana,“ segir Inga Elín er við kveðjumst.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni.

... OG FJÖLLIN URÐU KYR

TÓNLISTARPERLUR OG TEXTAR LAXNESS Á NÝJUM GEISLADISKI



TILVALINN Í FERMINGARPAKKANN

HÓPUR FRAMÚRSKARANDI LISTAMANNA FLYTUR DAGSKRÁ FLÉTTAÐA ÚR
TÓNLIST, KVÆÐUM HALLDÓRS LAXNESS OG FRÁSÖGNUM ÚR MOSFELLSSVEIT.

Diskurinn fæst nú á sérstöku fermingartilboðsverði í þjónustuveri og á bókasafni Mosfellsbæjar.



MOSFELLSBÆR

ÞJÓNUSTUVER MOSFELLSBÆJAR · KJARNA · ÞVERHOLTI 2 · 270 MOSFELLSBÆ · SÍMI 525 6700



GÓÐ TÆKI – GOTT VERÐ – GÓÐUR ANDI

TILBOÐ 1: Þú kaupir kort á **14.900 kr.** og æfir til 1. september 2009.

TILBOÐ 2: Tveir fyrir einn - Þú kaupir eins eða þriggja mánaða kort og færð annað frítt*



ELDING - LÍKAMSRÆKT / ÍÞRÓTTAMIÐSTÖÐINNÍ AÐ VARMÁ
S: 566-773 www.eldinggym.net

Kort sem keypt eru á tilboði 2 gilda til 1. september 2009.



Veislugarður sá um þorrann í New York

Vignir Kristjánsson og Elísa Ólöf Guðmundsdóttir og veisluþjónusta þeirra í Hlégarði lagði land undir fót á dögnum með þorramat í farteskinu. Þau sáu um glæsilegt þorrabíó í New York þann 28. febrúar. Um 170 manns blótuðu með Íslendingafélaginu í gamalli kirkju á móti Central Park í Manhattan. Á myndunum má sjá íslenskan mat á borðum í New York og bottflutta Mosfell- inga, Bergljótu Hrönn Hreins- dóttur og Ólaf Matthíasson með þeim Vigni og Elísu.



Sigurveggar útivistarkeppninnar 2009 Gestur Þór og Sigurður Kári.



Ánægðir þátttakendur að lokinni keppni í Hrolli 2009 á Hafravatni.

Skátar frá sex skátafélögum í útivistarkeppni Hrollur á Hafravatni

Vont veður aftraði ekki 28 skátum á aldrinum 13-15 ára frá því að keppa í útivistarkeppni við Hafravatn um síðastliðna helgi. Krakkarnir stóðu sig með eindæmum vel þó að margir væru blautir eftir úrhelli.

Skátarnir mættu til leiks á föstudagskvöldinu og skipulögðu leiðina sem þeir ætluðu að fara næsta dag. Fyrstu liðin lögðu af stað kl. 8 á laugardagsmorguninn og við tóku allskonar verkefni sem þau þurftu að leysa.

M.a. þurftu þau að draga bíl, baka lummur og síga niður klett. Um kvöldið komu svo foreldrar og grilluðu hamborgara og pylsur. Þegar allir voru saddir og búnir að tjalda tjöldunum sínum tók við hin



Lið frá skátafélaginu Skjöldungum.

margrómaða „sleikjukeppni“. Liðin voru búin að undirbúa sig heima og mættu með allskyns góðgæti til að sleikja upp stjórnendurnar. Það voru tveir strákar úr Mosverjum sem sigruðu örugglega en mjótt var á munum milli 2., 3. og 4. sætis.



Tjaldað við óvenjulegar aðstæður.



Embla Rún lét ekki veðrið stoppa sig.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

LUMAR ÞÚ Á...

FRÉTTAMYND?

LUMAR ÞÚ Á...

PARTÝMYND?

LUMAR ÞÚ Á...

GAMALLIMYND?



...eða einhverju öðru sem þú vilt deila með okkur?

Sendu okkur línu á netfangið á mosfellingur@mosfellingur.is



„Loksins komnir í alvöru fótþoltalið“ Búningar til Tógó

Gamlir Aftureldingarbúningar hafa öðlast nýtt líf í Tógó í Afríku en þangað voru þeir sendir fyrir stuttu síðan. Þess má til gamans geta að leikmaður Arsenal, Sheyi Emmanuel Adebayor, kemur frá Tógó.

Það var SPES barnahjálpi sem fékk búninga frá Aftureldingu. SPES er hugsjónafélag sem hefur það að kjörorði að „Sá sem bjargar einu barni bjargar mann- kyninu“. Stefna SPES er að koma upp og reka heimili fyrir munaðarlaus börn í þróunarlöndum.



Nemendur úr 8. bekk á faraldsfæti „Að kynnast því sem maður þekkir ekki“

Nemendur úr Varmárskóla komu nýverið heim úr heimsókn til Litháen, Lettlands og Svíþjóðar. Markmiðið með ferðinni var að kynnast því sem maður þekkir ekki og var ferðin farin með tilstuðlan Nordplus Junior, sem veitti Jónu Dísí Bragadóttur nýbúakennara styrk til fararinnar. Nordplus Junior er samstarf Norðurlandanna og Baltíklöndanna.

Sex nemendur úr 8. bekk fóru í ferðina með Jónu Dísí, þau Silja Rasmussen, Örn Bjartmars Ólafsson, Davíð Hafsteinsson, Darri Valgarðsson, Konrad Bancewicz og Helena Hamzehpour. Í maí heimsækja svo nemendur frá Litháen krakkana aftur til Íslands.

www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

OPIÐ HÚS

Miðvikudaginn 25. mars heldur Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar sjöunda opna hús vetrarins og að þessu sinni verður sjónum beint að samfélagslegri ábyrgð allra í uppeldi barna.

Afrískt máltæki segir að það þurfi þorp til að ala upp barn en hvað er átt við með því?

Þeirri spurningu og fleirum er lúta að hlutverki okkar allra í uppeldi allra barni, ekki bara okkar eigin, verður velt upp.

Umsjón: Magnea S. Ingimundardóttir, foreldri, kennari og starfsmaður Skólaskrifstofu.

Að venju verður opna húsið í Listasal Mosfellsbæjar frá klukkan 20 til 21.

Allir velkomnir

Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

Herbergi til leigu á TEXTURE

Upplagt fyrir snyrtifræðing, nuddara eða sambærilegan rekstur




Háholti 23 - Sími: 566 8500

ÞJÓNUSTU-AUGLÝSING Í MOSFELLINGI

KR. 5.000 + vsk.*

nafnspjaldastærð = 97 x 52 mm

*Miðast við 5 birtingar eða fleiri - mosfellingur@mosfellingur.is



Fisk~ búðin Mos

Háholti 13-15

(milli Krónunnar og Mosfellsbakarís)

VERÐDÆMI:

**Réttur dagsins
alla daga 990 kr.**

ÝSA R/BL 1090 KR./KG.*

ÝSA M/ROÐI 890 KR./KG.*

ÝMSIR RÉTTIR 1190 KR./KG.*

*ATH. þetta er ekki tilboðsverð heldur fast verð.

**Fiskbúðin Mos kom vel út í verðkönnun ASÍ

FERSKUR FISKUR

**Verslum í
heimabyggð**

**OPIÐ
MÁN-FÖS
KL. 10-19**





Skálatúnsheimilið á 55 ára afmæli

Þann 30. janúar var efnt til fagnaðar í félagsheimili Skálatúns. Allir íbúar og hópur starfsmanna átti þess kost að hittast og minnst þess að þennan dag árið 1954 hóf Skálatúnsheimilið starfsemi sína að Skálatúni og á 30 ára afmæli heimilisins árið 1984 voru vinnustofurnar vígðar í núverandi formi. Leynigastur fagnaðarinn, Ragnar Bjarnason söngvari, birtist þá með félaganum Þorgeiri Ástvaldssyni, hinum þekktu útvarpsmanni og skemmtikrafti.



Fiskbúðin kemur vel út úr könnun

Verðlagseftirlit ASÍ gerði verðsamanburð á ferskum fiski í verslunum á höfuðborgarsvæðinu, miðvikudaginn 11. mars. Kannað var verð á 29 tegundum fiskmetis í fiskbúðum og fiskborðum stórmarkaða. Mikill verðmunur var á milli verslana á öllum þeim tegundum sem skoðaðar voru. Fiskbúðin Mos kom vel út úr könnunni og greinilegt að fiskisalarirnir í Háholtnu eru að bjóða Mosfellingum verð sem stentst allan samanburð. Hægt er að sjá könnuninn á vefsíðu ASÍ www.asi.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mوسفellingur@mوسفellingur.is



Næstu blöð koma út:

Miðvikudaginn 8. apríl
(skilafrestur efns 4. apríl)

Miðvikudaginn 22. apríl
(skilafrestur efns 18. apríl)

Sr. Ragnheiður Jónsdóttir og sr. Skírnir Garðarson ferma 124 börn

Fermingar í Lágafellssókn

29. mars kl. 10:30 - Lágafellskirkja

Anna Margrét Karlsdóttir Stekkjarhóli
Atli Freyr Egilsson Byggðarholti 14
Bjarki Lárusson Hulduhlíð 8
Fjóla Hreindís Gunnarsdóttir Súluhöfða 19
Friðrik Sigurðsson Borgartanga 6
Gísli Gylfason Grenibyggd 34
Guðmundur G. Árnason Reykjavegi 86
Guðmundur H. Þorgerðarson Barðarvogi 38
Gunnlaugur K. Hreiðarsson Súluhöfða 10
Helgi Karl Guðjónsson Spóahöfða 3
Hrefna Björk Aronsdóttir Aðaltúni 26
Róbert Andri Auðarson Spóahöfða 24
Sigurlaug Sara Gylfadóttir Bollatanga 10
Ægir Örn Snorrason Tröllateigi 7

29. mars kl. 13:30 - Lágafellskirkja

Andís Lilja Þórisdóttir Reykjabyggd 47
Aron Emil Sigurðsson Leirutanga 15
Daði Freyr Ragnarsson Súluhöfða 15
Darri Valgarðsson Tröllateigi 15
Elís Andri Hróarsson Reykjabraut
Jónas Þorgeir Sigurðsson Brekkutanga 1
Silja Rasmussen Hamarsteigi 3
Stefán Broddi Daníelsson Lágaholti 2b
Telma Prastardóttir Asparta 5
Viktor Andri Halldórsson Svölúhöfði 9

5. apríl kl. 10:30 - Lágafellskirkja

Berglind Sara Björnsd. Grundartanga 18
Bjarki Snær Jónsson Súluhöfða 16
Bjarki Svavarsson Tröllateigi 20
Daníel Örn Sólveigarson Blikahöfða 3
Guðmundur G. Sigurðarson Reykjab. 41
Grönn Kjartansdóttir Tröllateigi 37
Huginn Hilmarrson Spóahöfða 23
Ísabella Yr Finnsdóttir Krókabyggd 21
Jón Ásgeir Söfussón Fálkahöfða 4
Jón Fannar Árnason Akurholti 18
Karen Anna Sævarsdóttir Bratttholti 7
Kjartan Elvar Baldvinsson Leirutanga 1
Kjartan Freyr Hafþórsson Tröllateigi 49
Róbert Theódórsson Súluhöfða 9
Sigmar Jósef Finnsson Skálahlíð 23
Sigurður K. Friðriksson Klappahlíð 30
Sturla Sær Erlendsson Rituhöfða 4
Viktor Elí Ágústsson Depluhólum 5
Örn Bjartmars Ólafsson Krókum

5. apríl kl. 13:30 - Lágafellskirkja

Árora Eir Pálsdóttir Prastarhöfða 55
Ásdís Helga Hafðísardóttir Helgalandi 3
Brynhildur Hallgrímsdóttir Skeljatanga 28
Edda St. Rúnarsdóttir Prastarhöfða 29
Eiríkur Þór Bjarkason Viðiteigi 2d
Gunnar Ingi Stefánsson Blikahöfða 8
Hafþór Ingi Bergmann Hjallahlíð 6
Heba Lind Halldórsdóttir Miðholti 9
Helgi Ólafsson Álsholti 10
Hólmfríður K. Kjartansdóttir Barrholti 33
Karin Eva Hermannsdóttir Klappahlíð 9



Líf Sigurðardóttir Bratttholti 4c
Marteinn Geir Hannesson Lindarbyggd 14
Stefanía Rós Karlsdóttir Prastarhöfða 28
Stefán Örn Hannesson Lindarbyggd 14

9. apríl kl. 10:30 - Lágafellskirkja

Anna Sóley Eyjólfssdóttir Hjallahlíð 4
Baldvin Páll Pétursson Lindarbyggd 10
Birkir Snær Ingólfsson Súluhöfða 12
Diana Mjöll Stefánsdóttir Urðarholti 5
Heiðar Atli Styrkársson Prastarhöfða 4
Hrannar Sigurðsson Prastarhöfða 2
Hulda Kolbeinsdóttir Rituhöfða 13
Ívar Örn Guðmundsson Blikahöfða 3
María Dis Jóhannsdóttir Grundartanga 19
Sigrý Björg Valgarðsdóttir Hamarsteigi 4
Sigrún Guðmundsdóttir Björtuhlíð 10
Sigþór Svavar Jóhannesson Hjallahlíð 2
Sólón Alexander Lýðsson Krókabyggd 5

9. apríl kl. 13:30 - Lágafellskirkja

Agnes Rut Georgsdóttir Stórateigi 4
Bergsveinn Stefánsson Hulduhlíð 38
Diljá Sól Thorarensen Arnartanga 54
Garðar Þór Pétursson Hulduhlíð 42
Guðni Valur Guðnason Björtuhlíð 17
Ingólfur Örvar Steinarsson Leirutanga 17b
Karen Mjöll Árnadóttir Litlakrika 52
Katrín Sveinsdóttir Skeljatanga 17
Kristinn Hrannar Bjarkason Hjallahlíð 11
Kristófer Fannar Stefánsson Skeljatanga 11
Magnea Rós Svansdóttir Viðihóli 2
Petra Dis Gylfadóttir Spóahöfða 10
Sara Mjöll Sigurðardóttir Þverholti 9
Sessalía Agnes Ingvarsd. Skeljatanga 11
Símón Guðni Sveinbjörnsson Brekkutanga 22
Stefanía Ósk Pétursdóttir Rituhöfða 6
Þorsteinn Stefánsson Hulduhlíð 38

19. apríl kl. 10:30 - Lágafellskirkja

Alexander Glói Pétursson Bratttholti 6e

Birgir Hrafn Birgisson Skeljatanga 9
Daniel Geir Tryggvason Klappahlíð 18
Dávið Hafsteinsson Grenibyggd 26
Elvar Kató Sigurðsson Stórateigi 10
Friðrik Snær Tómasson Bröttuhlíð 11
Heiðar Bernharðsson Björtuhlíð 9
Helena Hamzehpour Birkiteigi 2
Logi Þröstur Linnét Bjarkarholti 5
Magni Kolbeinsson Tröllateigi 18
Óskar Markús Ólafsson Brekkutanga 17
Sveinbjörg Lilja Guðrúnard. Tröllateigi 24

26. apríl kl. 10:30 - Lágafellskirkja

Agnar Dávið Halldórsson Prastarhöfða 6
Axel Helgi Ívarsson Lágaholti 11
Álfur María Chriarolanzio Klappahlíð 24
Dagur Alex Ingason Brekkutanga 18
Elvar Ingi Vignisson Krókabyggd 36
Hákon Jarl Kristinsson Bratttholti 4d
Ingvar Þór Garðarsson Viðiteigi 34
Íris Dóra Halldórsdóttir Rituhöfða 3
Kristjana Hákonía Hlynisdóttir Hjallahlíð 3
Kristófer Örn Reynisson Furugrund 26
Magni Þór Pétursson Lindarbyggd 5
Pétur Axel Emilsson Háholti 14
Pétur Steinn Guðmundsson Leirutanga 9
Róbert Hreiðar Pálsson Björtuhlíð 9
Stefán Broddi Daníelsson Lágaholti 2b
Stefán Óli Þorleifsson Blikahöfða 18
Svavar Tómas Gestsson Hjarðarlandi 3
Þórður Ingi Ingileifsson Skeljatanga 8

26. apríl kl. 13:30 - Mosfellskirkja

Alexander Geir Stefánsson Laxatungu 7
Alexandra Heiðar Zarioh Stórateigi 14
Anna Vilhjámsdóttir Arnartanga 83
Katrín Kristmundsdóttir Helgalandi 9

10. maí kl. 11:00 - Lágafellskirkja

Alexander Almar Finnbogason Ásholti 6
Sólvi Þór Sigurðarson Skeljatanga 11

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar kynnir:



Auður Jónsdóttir garðyrkjufraeðingur heldur fyrirlestur í Safnaðarheimilinu fimmtudaginn 26. mars klukkan 20 um ræktun á salati, berjum, hvítlauk og ýmsum áhugaverðum og spennandi matjurtum. Allir velkomnir.

Vorið er á næsta leiti og því kjörið að koma og fá nýjar hugmyndir fyrir matjurtagarðinn.



Nemendur læra um umhverfi og útivist Þemadagar í Varmárskóla

Þemadögum í Varmárskóla er nýlengi en þeir stóðu yfir í þrjá daga. Þemað var umhverfi og útivist og fór starfið fram innan skóla sem utan.

Nemendur fóru m.a. á skíði í Bláfjöll, dorguðu á Leirvogsvatni, voru í útikennslu og ýmislegt fleira.

Í yngri deild unnu nemendur í 1.-3. bekk saman og nemendur í 4.-6. bekk unnu saman. Nemendur fóru í útiratleiki, bjuggu til umbúðadýr og gróðursettu græðlinga, bjuggu til eggjabakkakarla, hljóðfæri, tundu steina og flokkuðu endurvinnanlegt sorp.

4.-6. bekkur eldaði í útielldhúsinu, bjó til handbrúður, fór í sund, unnu verkefni um náttúruna, gerðu skúlp-túra, fóru í ratleik og bjuggu til stórt, grafskt líkan af Íslandi

Eldri deildin spreitti sig í marg-víslegum smíðjum, svo sem flugu-hnýtingum, bílagerð, eldamennsku, útivist, hestamennsku, tónlistar-smíðju, leiklist, veiðihóp, göngu-hóp, skartgripagerð, ræðumennsku, dans, frumkvöðlahóp, íþróttahóp, fréttahóp, fantasíuförðun og einnig verkefni með björgunarsveitinni.

Þemadögumunum lauk með frábærri sýningu eldri deildarinnar þar sem fluttur var frumsaminn söngleikur. Einnig voru dansatriði og fjölmargar hljómsveitir spiluðu bæði þekkt og frumsamin lög.

Nemendur yngri deildarinnar buðu foreldrum sínum í heimsókn í skólann einn morguninn að loknum þemadögumunum og sýndu þeim afrakstur þemadaganna.



Þrjár tónlistarstelpur með hljóðfærin sín.



Dauðarokkshljómsveitin Bandið tileinkaði bæjarstjóranum frumsamið lag á lokaðegi þemadaganna í eldri deild.



Ýmislegt má endurvinnna eins og sjá má.



Sviðsmyndin í bígerð fyrir lokaatriðið.



Spilað með Ómari tónmenntakennara á heimatilbúin hljóðfæri.



Ýmislegt eldað í útielldhúsinu við Varmá.



MOSFELLSBÆR

SUMARSTÖRF 2009

Mosfellsbær auglýsir eftirtalin sumarstörf laus til umsóknar:

Leiðbeinendur Vinnuskóla Mosfellsbæjar:

Störf yfirflokksstjóra, flokksstjóra og starfsmanns í umhverfisfræðslu sem jafnframt er umsjónarmaður skólagarða.

Hæfniskröfur:

Áhugi á að vinna með ungu fólki er skilyrði.

Reynsla af stjórnun og vinnu með ungu fólki æskileg.

Lágmarksaldur er 20 ár.

Nánari upplýsingar veitir Teitur Björgvins-son, tómstundafulltrúi, í síma 566-6058 milli kl. 11-12, netfang: teitur@mos.is.



Störf í íþrótt- og tómstundaskóla Mosfellsbæjar (sumarnámskeið):

Hópstjórar, stuðningsfulltrúar og almennir starfsmenn til að hafa umsjón með og leiðbeina börnum í skólanum.

Hæfniskröfur:

Áhugi á að vinna með börnum er skilyrði.

Reynsla af starfi með börnum er æskileg.

Lágmarksaldur er 17 ár.

Nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmunds-son, íþróttafulltrúi, í síma 566-6754 milli kl. 11-12, netfang: sg@mos.is.



Störf í þjónustumiðstöð og umhverfisdeild:

Störf verkamanna við garðyrkju og almenn verkamannastörf.

Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Sigvaldason, deildarstjóri tæknideildar, í síma 566-8450 milli 11-12, netfang: ths@mos.is.



Sótt er um ofangreind störf á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is, vinstra megin á síðunni undir krækjunni: Hér getur þú... sótt um sumarstörf. Nánari upplýsingar eru veittar í þjónustuveri Mosfellsbæjar, sími 525 6700.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Mosfellsbæjar og Launaneðndar sveitarfélaga. Umsækjendur skulu vera fæddir 1992 eða fyrir.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl nk.

Takk fyrir

Mig langar að deila með lesendum Mosfellings nokkrum tilvitnunum í dagbók sem ég hef haldið meira og minna frá því skömmu eftir slysið. Þær gefa smá innsýn í það sem Rebekka þurfti að ganga í gegnum í kjölfar slyssins.



*Allt er frá henni tekið
Getur ekki skrifað nafnið sitt
hvorki á tölvu né blað
Getur ekki klætt sig sjálf, ekki
borðað sjálf
Má ég deyja? spyr hún
Geturðu lánað mér hníf? Mig
langar ekki til að lifa lengur
Hvenær dey ég?*

*Þarf ég ekki að fara í skólann?
Ég er dauðþreytt
Mér er stór illt
Mér er grjót illt*

Hefði ég ekki haldið þessa dagbók myndi ég lítið af því sem gerðist. Ekki frekar en Rebekka, hún man fátt og hefur einungis óljósar hugmyndir um það sem hún hefur upplifað síðustu sex árin.

3. apríl 2003 skrifa ég: *Rebekku hefur farið daglega fram í tali síðustu tvær vikurnar. Hún spyr mikið um nöfn okkar og sitt líka þó hún viti svarið. Fyrir örfáum dögum sagði hún við mig „þeir kunna ekkert á mig lækarnir hérna.“ Hún spurði líka, ekki alls fyrir löngu þegar hún fór með okkur heim um helgi, hvort hún væri í fangelsi. Þegar ég nefndi þetta við hjúkrunarfólkið var svarað að hún meinti þetta örugglega ekki svona. Þeim er umhugað að róa mig og fá mig til að setta mig við ástandið en gagnvart Rebekku virðist ríkjá alger uppgjöf.*

20. júní 2003 er færsla sem sker sig úr. Ég skrifaði niður setningar sem mér urðu minnisstæðar eða sem ég hef heyrt hana segja marg oft.

*Rebekka spyr hvað verði um sig ef hún deyr.
Ég segi að hún sé ekki að fara að deyja, en hún þráspeyr um það sama:
Verð ég sett í jörðina?
Fer ég til himna?
Verð ég hjá Guði?
Guð læknauð mig! Hrópar hún í eyðimörk hins daglega lífs
Vinirnir láta sjá sig en stoppa stutt*

Stundum er óraunsæið ríkjandi, við erum úti í göngutúr í nágrenni Grensás í sólskinu, hún í hjólastól þegar hún segir:
*Ég kann að ganga
Ég get hlaupið, má ég hlaupa?
Má ég fara í fótbolta?*

Sunnudaginn 28. nóv. 2004 erum við á leið í bíó þegar Rebekka segir „Sjálfsálit mitt er sokkið. Það er alveg á hafsbotni.“

Þegar við vorum komnar heim eftir kvöldið góða á Ásláki, **föstudaginn 27. febrúar s.l.**, sagði Rebekka „Af hverju þurfa svona góðir dagar að taka enda?“

Ég er innilega þakklát Ruth Örnólfsdóttur, Hilmari Gunnarssyni, Karli Tómassyni og Alberti Rútssyni veitingamanni á Ásláki, listamönnunum öllum og öðrum þeim sem tóku þátt í að gera þetta kvöld svo glæsilegt sem raun bar vitni og fyrir það frábæra tækifæri sem þið gáfuð Rebekku til að feta sig út í samfélagið á ný.

Ég trúi að þetta muni styrkja sjálfs-traust hennar, gefa henni von og trú á lífið á ný sem muni skila sér í enn meiri framförum.

*Ólöf Þránsdóttir
móðir Rebekku Allwood*

„Það þarf heilt þorp ...“

Rekstur íþróttafélaga er fjárfrekur og byggir á fjárföllum, styrkjum og þátttöku foreldra iðkenda. Hjá íþróttafélögum fer fram mikil forvörn en þar læra börn og unglingar að stunda heilbrigðan lífstíl og styrkja bæði sál og líkama. Má því segja að rekstur íþróttafélaga sé samfélagsverkefni sem reiðir sig á stuðning úr mörgum áttum.



ingarpakkann, að gleðja fermingarbarnið og að styrkja íþróttafélagið um leið. Sængurfötin fást í Bónus í Kjarna og í versluninni Namo við Guðríðarstíg í Grafarholti, en þar fæst einnig annar Aftureldingar félagsvarningur eins og æfingafatnaður sokkar, skór og margt fleira.

Aftureldingarvörur á afmælisári

Í apríl næst komandi fagnar Ungmennafélagið Afturelding 100 ára afmæli og að því tilefni er vert að minna á allar vörur sem seldar eru til fjárföllum í nafni félagsins. Vörurnar eru seldar (í íþróttahúsinu að Varmá), í Bónus í Kjarna og Namo við Guðríðarstíg. Mikilvægt er að halda uppi heiðri íþróttafélagsins með sölu á varningi merktum UMFA. Ekki þarf að minnast á árangur meistaraflökkanna beggja þar sem sem eru komnir í röð bestu liða á Íslandi. Sjáumst á vellið í sumar klædd Aftureldingarfatnaði

*Fyrir hönd barna- og unglingaráðs knattspyrnueldingar Aftureldingar
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, formaður*

Sængurfatasala til fjárföllum

Í haust réðst knattspyrnuelding Aftureldingar í fjárföllum áttak með kaupum á rúmötum með merki og í lit félagsins. Þetta er metnaðarfullt áttak sem hvert fyrirmyndarfélag getur séð sóma sinn í. Flest þekkjum við sængurföt frá helstu knattspyrnufélögum á Englandi og hér á Íslandi. Afturelding á sannarlega heima í þessum hópi. Mikill áhugi hefur verið á sængurfötunum hjá íþróttaiðkendum í Aftureldingu í öllum deildum Aftureldingar og á öllum aldri.

Nú eru fermingar framundan og margir eflast farnir að huga að kaupum á fermingargjöfum. Hægt er að slá tvær flugur í einu höggi með kaupum á sængurfötum í ferm-

Aðsendar greinar um bæjarmál í Mosfellsbæ

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

Skilafrestur er fjórum dögum fyrir útgáfudag

MOSFELLINGUR

Ungmennafélagið Afturelding 100 ára

Þann 11. apríl 1909, að lokinni messu í Lágafellssókn, tók hópur ungra manna og kvenna sig til og hélt stofnfund Ungmennafélagsins Aftureldingar. Félagið hafði sama starfssvæði og Lágafellssókn, sem þá náði frá Elliðaáum uppí Kollafjörð.



Í upphafi var félagið ekki síður menningarfélag en íþróttafélag. Félagsmenn stóðu fyrir kvöldvökum, leiksýningum, skák- og bridgemótum svo eitthvað sé nefnt.

Það frumkvöðlastarf, sem unnið var á upphafsárum Aftureldingar við að koma á legg þessu mikilvæga félagi, sem fylgt hefur ungum mosfellingum í heila öld með tilboðum um heilbrigða og holla lífshætti, verður

seint metið til fulls. Við sem stöndum í dag í forystu fyrir ungmenntastarf getum margt af þessum frumkvöðlum lært. Í þá daga bjuggu menn ekki við þær allsnægtir, sem við á síðustu árum vorum farin að trúa að væru jafn sjálfsagðar og að sólin komi upp að morgni. Nú vitum við betur og munum án efa leita í smíðju forvera okkar, sem kunnu að halda uppi öflugum íþrótt- og menningarstarfi, sem byggði meira á hugsjón og sjálfbodamennsku en á efnislegum gæðum.

Á næstu vikum og mánuðum munum við fagna 100 ára afmæli Aftureldingar og heiðra það starf, sem forverar okkar stóðu fyrir í nafni og anda

félagsins. Mikið verður um dýrðir á afmælisárinu og verður meðal annars efnt til hátíðarkvöldskemmtunar í Hlégarði síðasta vetrardag og á sumardaginn fyrsta verður mikil dagskrá á Varmá í samstarfi við Skátafélagið Mosverja og Leikfélag Mosfells sveitar. Opnuð verður sögusýning auk þess sem unnið er að útgáfu veglegrar bókar um sögu Aftureldingar í 100 ár, sem gefin verður út síðar á árinu.

Fólk er hvatt til þess að kaupa þessa merku bók í áskrift og má hafa samband við Elínu Reynisdóttur í síma 865-0408 til þess að kaupa bókina.

Allir þeir, sem hafa tekið þátt í og fylgst með starfi Aftureldingar og sérstaklega þeir, sem eiga minningar eða tengsl við sögu félagsins fyrir á

um eru hvattir til þess að fylgjast vel með og taka þátt í afmælisdagskrá félagsins, sem verður kynnt jafnóðum í bæjarblaðinu Mosfellingi. Ef þið eigið einhverja muni, myndir eða minningar frá sjálfum ykkur eða foreldrum og forfeðrum, sem gæti verið gaman að draga fram í tilefni afmælisins viljum við hvetja ykkur til þess að hafa samband við skrifstofu félagsins í síma 566-7089, undirritaðan í síma 664-2802 eða Elísabetu Guðmundsdóttur, formann afmælisnefndar í síma 566-7724.

Afturelding, til hamingju með 100 ára afmælið 11. apríl nk. Mosfellingur, til hamingju með Aftureldingu.

*Jón Pálsson
Formaður aðalstjórnar Aftureldingar*



Myndir/Friðrik S. Einarsson

Afturelding sigraði topplið Gróttu með glæsibrag Baráttusigur að Varmá

Föstudaginn 13. mars áttu strákarnir í Aftureldingu stórkostlegan leik gegn efsta liði Gróttu í 1. deild. Með sigrinum komu þeir í veg fyrir að Gróttumenn höfðu deildarmeistaratitlinum í 1. deild að Varmá. Okkar menn léku af mikilli gleði og sannfæringu og voru yfir í leiknum allan tíman. Leikið var í gamla salnum að Varmá og um 300 áhorfendur á pöllum.

Næsti leikur er við Selfoss á útivelli 27. mars., en stuðningsmenn er eindregið hvattir til að koma með trommusveitina meðferðis og hvetja strákana. Lokaleikurinn í deildinni er gegn ÍR áður en úrslitakeppnin hefst en þangað er liðið búið að tryggja sig.



Reynir að skora eitt af mörkum sínum gegn Gróttu, Jóhann fylgist grant með.



Blakdeild Aftureldingar Gott gengi á Íslandsmóti

Í vetur lék 3. fl. Aftureldingar í blaki í 2. deild Íslandsmóts karla og endaði í 5. sæti. Síðasti leikurinn fór fram í Laugar-dalshöllinni s.l. sunnudag á undan úrslitum í bikarkeppni BLÍ. Leikið var á sérstök-um blakdúk sem settur var upp vegna úrslitakeppninnar. Aftureldingarstrákarnir léku við Stjörnuna og unnu öruggan sigur á Garðbæingunum 3-0.

Blakdeild Aftureldingar hélt æfingamót fyrir 4.-6. flokk um þar síðustu helgi og sóttu alls 28 lið mótið. Spilað var á sjö völlum og tókst mótið mjög vel og voru Aftureldingar-krakkarnir í einu af efstu þremur sætum í öllum sínum flokkum. Seinni hluti Íslandsmótsins fer síðan fram á Akureyri helgina eftir páska og þá er stefnan sett á verðlaunasæti í a.m.k. tveimur flokkum og vonandi Íslandsmeistaratitil í 3. flokki.



PIZZUR

MARGARITA	m/sósu og osti	970	1390	1680	1990
KRYDDPIZZA	m/osti og kryddblöndu	970	1390	1680	1990
SJÁVARRÉTTAPIZZA	m/sósu, osti, rækjum, túnfiski og kræklingi	1450	2020	2650	3470
HAWAII	m/sósu, osti, skinku og ananas	1240	1790	2360	2920
SOMBRERO	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og pepperoni	1450	2020	2650	3470
HRÓI HÖTTUR	m/sósu, osti, skinku, pepperoni, ananas og lauk	1570	2250	2990	3580
BOLOGNESE	m/sósu, osti, nautahakki, sveppum og papriku	1450	2020	2650	3470
MEXICANA	m/sósu, osti, kjúklingi, nachos, lauk, papriku, rjómaosti og jalapenos	1570	2250	2990	3580
HRÓI FAJITAS	m/sósu, osti, kjúklingi, hvítlauk, sveppum og maiskorni	1450	2020	2650	3470
GRÆNMETISPIZZA	m/sósu, osti, tómötum, sveppum, lauk, ólífum og gráðosti	1570	2250	2990	3580
AMERICANA	m/sósu, osti, pepperoni, sveppum og lauk	1450	2020	2650	3470
OSTAVEISLA	m/sósu, camembert, gráðosti, parmesan og piparosti	1510	2100	2740	3270
SPECIALE	m/sósu, osti, skinku, sveppum, pepperoni og jalapenos	1570	2250	2990	3580
PEPPERONI	m/sósu, osti, auka pepperoni, jalapenos, ólífum og grænum pipar	1570	2250	2990	3580
JUVENTUS	m/sósu, osti, pepperoni, ananas og sveppum	1450	2020	2650	3470
PIZZA BANANAS	m/sósu, osti, pepperoni, banónum og ananas	1450	2020	2650	3470
SUPREME	m/sósu, auka osti, nautahakki, skinku, pepperoni, sveppum, papriku, ananas og lauk	1590	2570	3250	4390
KJÖTVEISLA	m/sósu, pepperoni, nautahakki og beikoni	1450	2020	2650	3470
HVÍTLAUKSBRÁÐ	m/osti, kryddi og hvítlauksolíu	970	1390	1680	1990

BRÁÐSTANGIR - LÍTILL KR. 550 / STÓR 650

SÍMI: 55 44444

Hrói Höttur, Þverholti 2, Kjarna

Grunnverð á pizzu:

Verð á hvert álegg:

	9"	12"	15"	18"
Grunnverð á pizzu:	970	1390	1680	1990
Verð á hvert álegg:	190	290	420	510

HAMBORGARAR

Allir okkar hamborgarar eru bornir fram með frönskum.

30. HRÓA BORGARI / TVÖFALDUR 1200/1490 Kr.

Með salati, osti og okkar frábæru Hróa Hattar sósu

31. BARBEQUE BORGARI 1310 Kr.

Með osti, salati, tómötum, súrum gúrkum og BBQ sósu

33. BEIKON BORGARI 1420 Kr.

Með beikoni, osti, salati, lauk og sósu



Búið um blómlegt starf í þágu menningar og samfélags

Samnýting kirkju og menningarhúss í Mosfellsbæ – einstakt tækifæri til uppbyggingar í þágu Mosfellinga

Á síðasta ári greindi ráðgjafar-fyrirtækið Capacent þarfir fyrir nýtt menningarhús í Mosfellsbæ sem ætlað er að tengja við nýja kirkjubyggingu á sama byggingarreit.



Greining Capacent, ásamt ítarlegri þarfagreiningu sóknarnefndar Lágafellssóknar svo og þarfagreining Mosfellsbæjar á störfum og hlutverki menningarhúss, var grundvöllurinn fyrir samkeppnislýsingu vegna hönnunarsamkeppni sem nú er í gangi um menningarhús og kirkju í miðbæ Mosfellsbæjar.

Í tengslum við þarfagreininguna var einnig hugað að þörfum Listaskóla og leikfélags bæjarins, sem og framtíðarhlutverki annarra samkomuhúsa og félagsheimila í Mosfellsbæ, Hlégarðs og Brúarlands, í samráði við hagsmunaaðila.

Í nýju menningarhúsi og kirkju ásamt nýju safnaðarheimili skapast vettvangur fyrir margþætta menningarstarfsemi sem nýfast mun í samfélaginu. Má þar nefna menningarhús eitt og sér og kirkju eina og sér, og þá samnýtingarmöguleika sem koma til þegar þessi háttur er hafður á. Þetta er í samræmi við viljayfirlysingu Lágafellssóknar og Mosfellsbæjar sem undirrituð var þann 25. júní 2008. Það skal áréttað að bygging kirkjunnar sjálfrar er alfarið á vegum safnaðar Lágafellssóknar og á ábyrgð hans.

En fyrir utan hefðbundið safnaðarstarf og kirkjulegar athafnir er stefnt að því að kirkjuskipið sjálft geti verið nýtt til tónleikahalds eins og mikil hefð er fyrir í Mosfellsbæ og safnaðarheimilið til margháttaðra menningarafnota. Má þar nefna fundi, samkomur, myndlistarsýningar og ýmsa viðburði, þar sem hægt væri að framreiða veitingar. Í menningarhúsinu sjálfu verður síðan bókasafn, tónlistar- og ráðstefnusalur, myndlistarsalur o.fl.

Fyrirhugað torg sem hugmyndir eru um að tengi saman byggingarnar verði nýtt í hverskyns uppákomur og sýningar og þar verði kaffihús-astemning fyrir gesti og gangandi, sem vilji njóta menningar hússins, bæði hversdagslega og á hátíðlegum stundum.

Kirkjan á að vera fordómalaus

Í umræðunni um kirkju og menningarhús hafa sprottið upp vangaveltur um þá viðburði sem fram færu innan veggja kirkjunnar því kirkjan mun einnig verða nýtt sem

tónleikasalur. Því hefur verið haldið fram að t.a.m. rokk-tónlist sé kirkjunni ekki þóknaleg og því muni rokk-tónlist ekki fá að hljóma undir þaki kirkjunnar. Þetta er ekki rétt staðhæfing. Kristín kirkja er fordómalaus og jafnframt hús umburðarlyndis. Hún er helgidómur safnaðarins og þess vegna opin og umburðarlynd. Kirkjan hefur alltaf verið athvarf tónlistarmanna og listamanna og því samofin menningunni. Hún gerir því ekki upp á milli menningar- eða listviðburða.

Öll trúarbrögð eiga sér sína sögu og menningu. Þess vegna getur það ekki verið andstætt hugsun manna um rekstur menningarhúss eins og reisa á í Mosfellsbæ að önnur trúfélög geti fengið afnot af menningarhúsi fyrir viðburði þeim tengdum.

Óskalisti settur saman

Þegar búinn var til óskalisti hagsmunaaðila um menningarhús í Mosfellsbæ kom í ljós að til þess að væntingar þeirra til rýmis í nýju menningarhúsi voru á bilinu 3.000 til 4.000 fermetrar. Capacent þótti ljóst að bygging slíks húsnæði væri ekki raunhæfur kostur miðað við íbúafjölda Mosfellsbæjar. Þess má geta að Menningarmiðstöð Kópavogs er um 3000 fermetrar, en íbúar Kópavogs eru um 30 þúsund, eða nær fjórfalt fleiri en Mosfellingar.

Með því að samnýta húsnæði kirkju og menningarhúss má hins vegar uppfylla óskir hagsmunaaðila í Mosfellsbæ og byggja mun stærra húsnæði undir kirkju og aðra menningarstarfsemi en ella væri mögulegt.

Í samkeppnislýsingu um kirkju og menningarhús er gert ráð fyrir um 3600 fermetra byggingu auk bílajakallara. Að auki er gert ráð fyrir nýtingu Brúarlands og Hlégarðs í þágu menningar í Mosfellsbæ en húsin tvö eru samtals um 1800 fermetrar. Alls er því gert ráð fyrir því að menningarstarfsemi í Mosfellsbæ að kirkju meðtalinni fái undir sig allt að 5400 fermetra. Það er vel í ekki stærra bæjarfélagi en Mosfellsbæ.

Með því að samnýta húsnæði kirkju, safnaðarheimilis og menningarhúss, sem og tengibyggingar, skapast því einstakt tækifæri til að búa um annars blómlegt starf í þágu samfélags og menningar í hjarta Mosfellsbæjar.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri og Hilmar Sigurðsson, formaður sóknarnefndar Lágafellssóknar.

Hvað vita unglingar um orkudrykki?

Það er algeng sjón að sjá unglinga koma inn um dyrnar á félagsmiðstöðinni með orkudrykk í hendi. Orkudrykkir virðast vera einn ódýrasti „goddrykkurinn“ á markaðnum í dag, en vita unglingar eitthvað um innihald drykkjanna og áhrif þeirra á líkamann?

Nú er komið ansi mikið af orkudrykkjum á markaðinn og virðist úr mörgu að velja fyrir ungt fólk. Ég sá um daginn tvo drengi, sem eru í 7. bekk, í ónafngreindri matvöruverslun hér í bæ. Þetta var í hádegishléinu þeirra. Þeim hafði greinilega áskotnast einhver peningur og voru að skipta honum á milli sín. Þeir höfðu ákveðið að kaupa alveg eins nammi fyrir sig og einn orkudrykk á mann. Þegar að afgreiðsluborðinu var komið tóku þeir eftir því að afgangurinn sem varð hjá þeim var akkúrat nóg fyrir tveimur öðrum orkudrykkjum. Þeir létu því ekki á sér standa og annar drengjanna rauk inn í búðina og birtist stuttu síðar með tvær dósir af þessum orkudrykk sem að greinilega var á tilboði.

Drykkja a koffínorkudrykk



En hvert er innihaldið og hvernig fer þetta með líkamann?

Það er sannað að eftir drykkju á orkudrykk fær líkaminn einungis í stutta stund þá orku sem leitast er eftir. En stuttu síðar fer orka líkamans niður fyrir það strík sem að hún hefði annars verið ef orkudrykkurinn hefði ekki verið drukkinn. Líkaminn fær því einungis nokkurs konar „gerviorku“ í stutta stund og það sem meira er fólk verður mun þreyttara eftir á einsog myndin sýnir.

Innihald orkudrykkja er mun skaðsamara en margir hverjir gera sér grein fyrir. Líkaminn á erfitt með að vinna úr aukaefnum, sykurmagni og ýmsum gerviefnum en það er koffín magnið sem að vekur mestan óhug í sambandi við drykkju orkudrykkja og því er

tilvalið að koma hér með nokkra punkta sem eru góðfúslega fengnir að láni af doktor.is:

- Börn og unglingar eru viðkvæmari fyrir koffíni en fullorðin fólk.
 - Dagleg neysla barna og unglinga á koffíni ætti ekki að vera meiri en 2,5 mg/kg líkamspýngdar en í einni 500ml dós eru 160mg af koffíni.
 - Drykkir sem innihalda koffín eru óæskilegir sem hluti af mataræði barna og unglinga.
 - Varist að drekka orkudrykki sem innihalda mikið koffín samhliða mikilli líkamlegri áreynslu.
 - Áhrif koffíns á börn eru meiri en hjá öðrum þar sem taugakerfi þeirra er enn að þroskast. Óæskileg áhrif geta komið fram hjá börnum jafnvel eftir tiltölulega litla neyslu koffíns.
 - Besta ráðið við þreytu er hvíld og góður svefn.
- Spurning um að setja aldurstakmark á orkudrykki?

Jón Pétur Einarsson. (2001). Orkudrykkir.
Sótt 16. mars 2009 af www.doktor.is

Teitur Björgvinsson og starfsfólk Bólsins

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Vinnustofa Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal
Listmunir í miklu úrvali



Þóra Sigurþórsdóttir leirlistarkona - sími 5667098 – 8200321

Hlégarður

Allt
fyrir
fermingar-
veisluna



VEISLUGARÐUR

Veislubjónustan Hlégarði

Háholti 2, 270 Mosfellsbær
Sími 566 6195, Fax 566 6097

ÖLL ALHLIÐA VEISLUBJÓNUSTA



Tökum að okkur
að klippa og hreinsa
garða fyrir vorið

NÚ ER RÉTTI TÍMINN

GARÐABJÓNUSTA HELGA EHF.

Markholti 5, Mosfellsbær, Helgi Þór s: 867-4740



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 · 270 Mosfellsbær · Sími 525 6700 · Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDAEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundaeigendum bent á
samþykkt um hundahald í Mosfellsbær,
(sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogregrulur)

4. gr - Almennt um skyldur hundaeigenda:

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi
í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum.

Á almannafæri er hundaeiganda skylt að fjarlægja saur eftir
hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.



Fylgst er sérstaklega með
lausagöngu hunda og
þeir hundar fjarlægðir
sem nást lausir á
almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



Sá flottasti
í bænum

Ökukennsla
Gylfa Guðjónssonar
Sími: 696 0042

Málningarþjónustan

Leiftur

SÍMI: 868-2228



ÁLAFOSS

Verslun, Álafossvegi 23

WWW.ALAFOSS.IS

Tökum að okkur alla
almenna jarðvinnu og
yfirlýðingarsfrágang.



JARÐMÓTUN EHF

Flugumýri 18d, 270 Mosfellsbær 5 586 8060 & 892 0989 t-póstur elias@jardmotun.is

VOTTORÐ FYRIR BURÐARVIRKISMÆLINGAR

CELETTE

Fullkomnustu grindarréttinga- og
mælitateki sem völ er á hér á landi

Á vinnubrögðum vorum sést
að vel er hönnuð iðjan
og nýja tækni nýtir best
Nýja Bílasmiðjan

Flugumýri 20
270 Mosfellsbær
Sími: 566 8200-566 8201
Fax: 566 8202
Netfang: nybil@centrum.is

NÝJA
BÍLASMIÐJAN HF

BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR



...að búið sé að fresta uppbyggingu Leirvogstunguskóla um óákveðinn tíma.

...að óvænt afmælisveisla hafi verið haldin í Kyndilshúsinu fyrir Bödda úr Stórateigi.

...að verið sé að opna tælenskan veitngastað í Kjarnanum. Thai Express við hlið Bónusvideó.

...að Bubbi Morthens hafi kosið í Mosfellsbæ í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á Kraganum.

...að búið sé að opna nýja hárgreiðslustofu í Háholti 14 og sú heitir Sprey.

...að Kalli Emils hafi orðið fertugur í síðustu viku.

...að veglega verði haldið upp á 100 ára afmæli Aftureldingar á sumardaginn fyrsta.

...að Einar Scheving ætli að halda svaka afmælisveislu 8. apríl.

...að brotist hafi verið inn í Grillnesti í vikunni. Farið var inn í gegnum bílalúguna og stolið átta þúsund krónum auk símainneignar.

...að Maggi og Aþena séu búin að eignast litla stúlku.

...að '70 árgangurinn úr Mosó ætli að hittast á Torvaldsen upp úr kl. 23 í kvöld. Rifjuð verður upp trúarjátningin og fleira skemmtilegt þar sem 25 ár eru síðan hópurinn fermdist.

...að Alli Rúts sé búinn að draga fram Poolborðið á Ásláki á nýjan leik.

...að íþróttamaður Aftureldingar Paul Clapson eigi afmæli í dag.

...að tómar íbúðalóðir Mosfellsbæ í þremur nýjustu hverfum bæjarins séu yfir 800 talsins. Í Krikkahverfi eru 50 tómar lóðir og 90 í byggingu. Í Leirvogstungu eru 171 tómar lóðir og 73 í byggingu. Í Helgafelli eru 588 tómar lóðir og 24 í byggingu.

...að ungmennaráð Mosfellsbæjar sé búið að leggja það til að popptónlist verði spiluð í hátalarakerfinu í Lágafellslaug á föstudagskvöldum og hádegisfréttir í hádeginu.

...að prófkjörsbaráttan hafi verið hvað hörðust á blogg síðum og Facebook síðum.

...að Snævar Ingi eigi afmæli í dag.

mosfellingur@mosfellingur.is



Leikmenn Jumboys: Jóhann Guðjónsson, Bjarki Sigurðsson, Árni Stefánsson, Magnús Már Þórðarson, Einar Bragason, Guðmundur Bragason, Ásgeir Sveinsson, Ingimundur Helgason, Jón Andri Finnsson. Neðri röð: Sigurður Sveinsson, Lárus Sigvaldason, Sveinbjörn Ragnarson, Niels Reynisson, Þorkell Guðbrandsson og Hjörtur Örn Arnarson. Fyrir framan má sjá framtíðarleikmenn þessa stórveldis.

Gömlu kempurnar í Jumboys eru óstöðvandi í keppni utandeildarliða

Meistarar og aftur meistarar

Gömlu handboltahetjurnar frá gullaldarárum Aftureldingar eru enn að spila og keppa nú í utandeildinni. Nokkrir nýir „gamli“ hafa þó bæst í hópinn og ræður leikgleðin ríkjum hjá þotuliðinu Jumboys. Strákarnir eru búnir að landa tveimur bikurum á leiktíðinni. Þeir fóru í höllina og sigruðu Stjörnuna í Eimskipi-bikarnum og skömmu síðar lögðu þeir Kíkkopata á heimavelli og tryggðu sér deildarmeistaratitlinn. Þeir hafa því engu gleymt, og enn síður fagnaðarlátunum.



Meistararnir Bjarki Sigurðsson, Einar Bragason, Hjörtur Örn Arnarson og Jón Andri Finnsson sáttr við tímabilið.



Ingimundur Helgason og Þorkell Guðbrandsson

Í eldhúsinu



Barbecuekjúklingur

HJÁ SIGRÚNU

Sigrún Edda Hringsdóttir skrifstofu-fulltrúi gefur okkur uppskrift að þessu sinni. „Þetta er mjög fljótlegur réttur,“ segir Sigrún og klikkar aldrei, tekur einungis fimm mínútur að setja hann saman. Maðurinn minn kom með þessa uppskrift heim úr vinnunni en hún er úr uppskriftabók sem starfsfólk Mýrarhúsaskóla á Seltjarnarnesi setti saman.

kjúklingabringur (leggir eða bitar)
1 bolli barbecuesósa
1 peli rjómi
Niðurskornir sveppir að vild.
Barbecuesósan og rjóminn hrærd saman.
Radið sveppum í eldfast mót, síðan er sósunni hellt yfir allt.
Bakist í ofni í 35-40 mín.
Með þessu ber ég fram gott salat,



grjón og snittubrauð.
Verði ykkur að góðu.



ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli.
mosfellingur@mosfellingur.is

Frábært framtak

Mig langaði bara til að hrósa ykkur hjá Mosfellingi fyrir söfnunina fyrir hana Rebekku. Það var löngu orðið tímabært að gera eitthvað fyrir stelpuna en hún hefur gjörsamlega verið gleymd í öll þessi ár frá því slysið átti sér stað. Þessi hræðilegi atburður hefur svo sannarlega hreyft við mörgum í Mosfellsbæ og vona ég innilega að söfnunin hafi gengið vel.

Ingibjörg

Kjarnakonan Ragnheiður

Ragnheiður Ríkharðsdóttir alþingiskona fékk svo sannarlega góða kosningu í prófkjöri Sjálfstæðismanna á Kraganum. Ragnheiður er kjarnakona og frábært fyrir okkur, íbúa sveitarinnar, að eiga hana sem fulltrúa á Alþingi Íslendinga. Megi Ragnheiður halda áfram á sömu braut og þjóna áfram Mosfellingum sem og öðrum landsmönnum. Og láti ekki segja sér fyrir verkum hér eftir sem endranær og haldi áfram að vera trú sinni sannfæringu og því sem hún stendur fyrir!

Til hamingju Mosfellingar.

Hjálmar

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fái blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



FREKI EHF
NÝSMÍÐI VIÐHALD
ENDURBÆTUR
gsm. 8213899 neifang.freki@internet.is




Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040

ÞAÐ SEM TIL PARF



VGH
MOSFELLSBÆ
Verktaki - Vélaleiga
GSM: 896 6279 / 896 9443 / 896 2279



FJÖLSKYLDU TILBOÐ
Í SNÆLANDI
2.380,-
4 Hamborgarar, franskar og 2 l. Coke



Munið eftir bílalúgunni!



HÁHOLTI 12



Markmannsþjálfari til Aftureldingar

Á dögunum réði knattspyrnu-deild Þorstein Magnússon þjálfara og markmannsþjálfara til starfa hjá deildinni. Auk markmannsþjálfunar tekur hann við þjálfun 3. flokks karla og kemur að þjálfun 3. flokks kvenna. Þorsteinn er með KSÍ 5 og UEFA B þjálfaramenntun, einnig sérmenntaður í markmannsþjálfun. Hann hefur undanfarin fimm ár séð um þjálfun allra yngri landsliða KSÍ, sem og að þjálfna markmenn hjá ýmsum félögum. Á myndinni sjást þeir Þorsteinn Magnússon og Bjarki Már Sverrisson, framkvæmdastjóri knattspyrnudeilda, undirrita samninginn.

Aftureldingarfólk heiðrað á ársþingi

Á nýafstöðnu ársþingi UMSK, sem haldið var í Hlégarði, voru hinum ýmsu félagsmönnum í aðildarfélögum UMSK veittar starfsviðurkenningar. Eftirtöldu Aftureldingarfólki voru veitt starfsmerki UMSK: Hanna Símonardóttir og Bjarki Már Sverrisson úr knattspyrnudeild; Anna Margrét Arnardóttir og Eva Magnúsdóttir frá fimleikadeild. Silfurmerki UMSK hlaut Anna Gísladóttir knattspyrnudeild og félagsmálaskjöld UMSK hlaut að þessu sinni Hallur Birgisson, knattspyrnudeild. Aðalstjórn Aftureldingar óskar þessum aðilum til hamingju Var þetta 85. ársþing UMSK og fór þingið vel fram. Valdimar Leó Friðriks-son gaf kost á sér áfram sem formaður sambandsins og var endurkjörinn án mótframboðs.



v/ páska, sumardagsins fyrsta, kosninga o.fl.

Næstu blöð koma út:

Miðvikudaginn 8. apríl
(skilafrestur efnis 4. apríl)

Miðvikudaginn 22. apríl
(skilafrestur efnis 18. apríl)

mosfellingur@mosfellingur.is

SPURNING TIL BÆJARBUA

Hver er uppáhalds
ávöxturinn þinn?



BIRNA:

Mangó er í uppáhaldi hjá mér.



VALGERÐUR:

Banani.



SINDRI:

Kiwi.



NARFI:

Perurnar eru bestar.



DABBI:

Ananas



SIGGI OG STJÁNI:

Banani og pera.



Pokkalega slaufaðir




Þóra og Anna



Pacas notar Pataks



Dóttirin á dæluinni



model.is



Halda sig á mottunni



Prefalt brúðkaup



Stelpurnar að púla



Harðar-hjónin í Hlégarði

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Stelpurnar og rör í glasi



Spáð í spilin



Stemning á Lákanum



ABBA systur í stuði



Gosi í eigin heimi



Fékk fálkaorðuna




Organistinn á fleygiferð



Hestakonur á árshátið



Nessi Stef



Beta og Hekla



BlómaDísurnar




Drullusokkur



Atli með Sjonna



Félagar á bingókvöldi



Stuð á styrktarkvöldi

Idol

GÓÐ

OKKAR FÓLK Í IDOLINU

ANNA HLÍN ÁFRAM - BJARNI DOTTINN ÚT

ÁSLÁKUR
er opin



BOLTINN
Í BEINNI

ENN OG AFTUR

Já, enn og aftur ætla ég að fjalla um það sem allir eru löngu orðnir þreyttir á að lesa um, þessa helvítis kreppu. Vegna þessa að enn kemur eitthvað nýtt í ljós sem er einhverjum til skammar. Sumir sögðu af sér, aðrir létu setja lög til að draga sig út úr húsi og enn aðrir fóru í fýlu og koma ekki aftur í pólitík.

Ég er orðinn þreyttur á að heyra í fjölmiðlum hvað við, þ.e. almenningur, gerðum rangt í góðærinu og hvað við hefðum átt að gera í staðinn. Ef Páll Óskar, þessi dúlla, fer ekki að hætta að segja okkur hvað við vorum vitlaus og heimsk í kaupum okkar, fjármögnunum og eyðslu þá fer ég persónulega og mөлva þennan níu ára gamla Nokia síma hans. Ég verð alltaf súr og fúll þegar mér er velt upp úr eigin mistökum, ég þarf ekki stanslausar sjónvarps- eða heilsíðuauglýsingar til að fatta það að við erum í djúpum skít.

Palli er alltaf að tala um þessa flatskjái sem virðast vera stór táknmynd fyrir góðærið. Þegar ég keypti mér það drasl voru gömlu túpu-sjónvörpin ekki til, það er hætt að framleiða þau, svona svipað og þegar vínplöturnar duttu út og tónlist kom bara út á geisladiskum og því var ekkert val heldur varð maður að kaupa sér geislasplara.

En ég hef komist að þeirri niðurstöðu að ég sé sekur. Sekur góðærisþési! Ég keypti mér íbúð í stað þess að búa í foreldrahúsum til fimmtugs. Þegar gamli Nokia síminn datt í vatnsfullan eldhúsvaskinn þá var ég bara svaka kall og keypti mér nýjan. Ég nenni ekki að labba eða taka strætó í vinnu svo ég fjárfesti í bíl á bílalanum, og er enn að súpa seiðið af þeirri vitleysu. Ég hafði stundum kjöt og kjúkling í matinn í stað þess að hafa hrökkbrauð og vatn á boðstólnum eða núðlusúpu til hátíðarbrigða. Í helgar- og sumarfríum hef ég farið út fyrir bæjarmörkin en hefði betur setið heima því svoleiðis bruðl á ekki að þekkjast á neinu skynsömu heimili.

Já, ég get sjálfum mér um kennt, einsog þú segir Palli minn, og hefði átt að spara.

Högni Snær, góðærisbruðlaðri

SMÁAUGLÝSINGAR FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Stúdíóíbúð til leigu

Stúdíóíbúð til leigu í Mos. Sér inngangur. Leiga 50 þús. kr. á mánn. með rafm. og hita. Uppl. í s. 8930222.

Íbúð í Skeljatanga til leigu

Til leigu 3ja herb íbúð í Skeljatanganum frá og með 1. maí nk, langtímaleiga verð 105 þús. á mánn. uppl. í síma 864-0666 eða 5542067 (Sigurður).

Hús til leigu

112 fm hjart og opið raðhús í Krókabyggð er til laust til leigu frá snemma í maí fram til 15. júlí. Þrjú svefnherbergi. Nánari upplýsingar, gudjonsv@gmail.com og í síma 863-8001.

Týndir fótboltaskór

Þetta eru ADIDAS takkaskór í bláum plastpoka sem týndust fimmtudaginn 12. mars í nágrenni við Lágafellsskóla. Ef einhver hefur fundið þá, vinsamlega hafið samband við mömmu í síma 867-1881. Gabriel Tumi.

Tekið er við smáauglýsingum á netfangið: mosfellingur@mosfellingur.is



Skíðabúnaður til sölu

Til sölu eru skíði af gerðinni Elan Flow XT, 168 sm að lengd. Bindingar, stafir og Rossignol-skór nr. 44 fylgja. Allt sem nýtt og selst ódýrt, heildarverð er 40 þúsund krónur.

Sími: 8200323.
gummi270@hotmail.com

Fyrirtæki sem auglýsa í Mosfellingi

stuðla að því að þú fáið blaðið frítt inn um lúguna á þriggja vikna fresti



B. Markan ehf.
Pípulagnir

☎ 660 6690

ÖKUKENNSLA LÁRUSAR
GSM 694-7597

AKAMOS@TALNET.IS

Kenni á bíl, bifhjól eða skellinöðru!

Er með mótórhjólahermir, frábært fyrir byrjendur

Fáið tilboð, kenni allan daginn
Annast einnig ökumat og upprifun fyrir eldri borgara

Lárus Wöhler
löggtur ökukennari

HONDA

BÍLAPARTAR
VIÐ HÖFUM ÞAÐ SEM ÞÚ LEITAR AÐ

TOYOTA NOTAÐIR VARAHLUTIR

- NÝJRI HLUTIR
- TÍMAREMAR
- KERTI
- VIFTUREMAR
- SMURGLUR
- HREINDEFNI
- BREMSKLOSSAR
- PERUR
- ÖLJUR



GR/ENUMÝRI 3 - SÍMI 587 7659 - WWW.BILAPARTAR.IS

Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Herbalife ráðgjafi í Mosteilsbæ
Sími: 869 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com

BÍLSKÚRAR • SVALIR • BAÐHERBERGI • STOFUR • ELDHÚS • VERSLANIR • IÐNAÐARHÚSNÆÐI

Steinteppe & epoxy gólfefni



SteinTeppe.is

Sími 864 6600

www.steinteppe.is | steinteppe@steinteppe.is



S. 55 44444
Þverholti 2
Kjarna

MOSFELLINGUR

GK
Snyrtistofa

Kjarna
Þverholti 2
Sími: 534 3424



Á KAFI Í SKÓLASUNDI

Krakkarnir í 9. G.S. bregða hér á leik í lok sundtíma í Varmárlaug.
Um fjöllum um þemadaga í Varmáarskóla má finna á síðu xx.

Mynd/Magnús Már

Lækkaðu
bensínkostnaðinn
fáðu ókeypis dælulykil
frá Atlantsolíu.



Mosfellsbær

Sími 591 3100
www.atlantsolia.is



Litlikriki

Raðhús á hagstæðu verði
Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst við Litlakrika. Stærð húsa frá 197-207 fm og afhendast tilbúin til innréttinga. Lækkað verð. Leitið upplýsinga um þessa vonduðu eign.



Stórikriki

Áhv. 30 millj kr lán á 4,15%
340 fm einbýlishús með aukaíbúð efst í Stórikriki. Húsið afhendist fullbúið að utan en fókelt að innan sem skiptist í 280 fm aðalíbúð á tveimur hæðum auk 60 fm íbúðar (2ja herb.) með sér inngangi.



Furubyggð

Vandað og vel staðsett 165 fm. parhús með auka 18 fm. óskráðu risherbergi við Furubyggð í Mosó. Lokuð og gróin gata. 4 svefnherbergi. 2 baðherbergi. Flottur sólþallur. Hagstætt 4,15% lán. Skipti á ódýrari eign koma til greina. **V. 37,8 m.**



Þratarhöfði

Falleg 128 fm íbúð á jarðhæð með hellulagðri verönd með skjólveggjum, bílageymslu og sér inngangi. Flottar innréttingar og góður frágangur. Fjögur svefnherbergi.



Laxatunga

Laxatunga - Leirvogstunguhverfi.
Erum með til sölu 5 íbúða raðhúsallengju við Laxatungu í Leirvogstunguhverfi. Stærð húsana er 245 fm. og afhendast þau fullbúin að utan en fókelt að innan. **V. 33 m.**



Þjónusta við Mosfellinga í 20 ár

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047

588 55 30



Þratarhöfði

Mjög glæsileg og nýttiskuleg 115,4 fm. íbúð með sér inngangi og fallegri timburverönd auk stæðis í lokaðri bílageymslu. Flott íbúð. **V. 29,8.**



Bjartahlíð

Glæsilegt 90 fm. raðhús auk 22,8 fm. bílskúrs, samt. 112,8 fm. við Björtuhlíð í Mosfellsbæ. Glæsilegar innréttingar og flott skipulag. Allt hið vandaðasta. Stór garður og allt fyrsta flokks.



Bjartahlíð

Flott 104 fm. íbúð á jarðhæð auk 28,5 fm. bílskúrs. Góðar innréttingar og fallegur sólþallur í suður. Stór svefnherbergi og sér þvottahús. Björt stofa. **V. 28,5 fm.**



Spóahöfði

Falleg neðri sérhæð við Spóahöfða. Einstaklega vandaðar innréttingar og gólfefni. Gott skipulag. Flottur sólþallur. Eign á einstökum stað.